

Háskólinn á Akureyri
Kennaradeild
Leikskólabraut
2008

Leikur barna

Ásta Eggertsdóttir og Madlena T. Petrova
Lokaverkefni í kennaradeild

Háskólinn á Akureyri
Kennaradeild
Leikskólabraut

Leikur barna

Ásta Eggertsdóttir og Madlena T. Petrova

Leiðsögukennari: Halldóra Haraldsdóttir

Lokaverkefni til 90 eininga B.Ed.-prófs í kennaradeild

Við lýsum því hér með yfir að við einar erum höfundar þessa verkefnis og að það er ágóði eigin rannsókna

Ásta Eggertsdóttir

Madlena T. Petrova

Það staðfestist hér með að lokaverkefni þetta fullnægir að mínum dómi kröfum til B.Ed.-prófs í kennaradeild

Halldóra Haraldsdóttir

Útdráttur

Helsta viðfangsefni þessa verkefnis er leikur barna. Umræða um nám leikskólabarna skýtur annaðslagið upp kollinum í þjóðfélaginu. Sú umræða hefur einkennst af því hvort færa eigi námsefni yngstu bekkji grunnskólana niður í leikskólana. Sá skilningur að leikur sé náms og þroskaleið barna virðist ekki alltaf skila sér út í þjóðfélagið. Í verkefninu eru skoðað hvernig leikur barna stuðlar að alhliða þroska þeirra frá sjónarhornum fræðimanna.

Helstu niðurstöðurnar eru að börn nota leik til að afla sér þekkingar og reynslu og auka þar með þroska sinn á flestum sviðum svo sem vitsmuna-, félags-, tilfinninga-, og málþroska. Leikskólakennarar og umhverfið eiga þátt í því að börn geti þroskast í gegnum leik.

Könnun var gerð í tveimur leikskólum, annarsvegar í borgarsamfélagi á höfuðborgarsvæðinu, hinsvegar í sjávarþorpi á landsbyggðinni. Tilgangur könnunarinnar var að leita eftir viðhorfum leikskólakennarana til frjálsra leikja barna.

Helstu niðurstöðurnar voru að allir leikskólakennararnir eru sammála því að frjáls leikur barna sé þeim nauðsynlegur. Leikskólakennararnir í leikskólanum á landsbyggðinni töluðu um mikilvægi leiksins en það er bil á milli þess sem þeir segja og gera. Þeir líta ekki á leikinn sem aðferð til að auka þroska barnanna. Hinsvegar í leikskólanum á höfuðborgarsvæðinu er lögð áhersla á leik sem uppeldisfræðilega aðferð.

Abstract

The subject of this project is children's play. Discussions about the education of preschoolers come up in society every so often. The main topic of these discussions is whether the curriculum for the youngest classes in primary school should be incorporated in to preschool. Play as an educational and developmental means for children is not always understood in our society. In this project the ways play supports the general development of children from the academics view point is examined.

The conclusions are that children use play to acquire knowledge and experience, and increase their development in most areas including intellectual, social, emotional and speech development. Preschool teachers and the environment play a part in the ability for children to develop through play.

Surveys were conducted in two preschools – the one in the capital city area and the other in a small fishing village in the country. The purpose of the surveys was to observe the teachers points of view regarding free play of children.

The main conclusions were that all the teachers agreed that free play is important for children. The teachers in the small community talked about the importance of play but there is a difference between that they say and do. They do not acknowledge play as a means to increase the children's development. The teachers at the preschool in the capital city laid emphasis on the importance of play as an educational tool.

Stjörnur

*Börn eru stjörnur jarðar
með geisla sína langa.
Stjörnurnar horfum við hugfangin á
og geislana viljum við fanga.*

*Þessar litlu stjörnur jarðar
sem skína á misjafnan hátt,
þær metast ekki um fegurð og frægð
þær lifa í friði og sátt.*

*Þær leika með leiftur og ljóma,
þær leika með gæfu og náð,
þær leika með gleði og hlátur í huga
því leikgleðin tekur öll ráð.*

*Hvort heldur stjarna býr á himni eða jörð
þarfnast hún frelsis og leiðandi handa.
Því geislabrot vaxa ólíkt barnsins brók,
geislar leikandi stjarna, allra landa.*

Berglind Ósk Agnarsdóttir

Fáskrúðsfirði mars 2008

Efnisyfirlit

Inngangur	2
1. Leikur	3
1.1. Vitsmunaproski	8
1.2. Líkams- og hreyfiþroski	11
1.3. Félags- og tilfinningaproski	12
1.4. Málþroski	15
2. Hlutverk leikskólakennara	18
3. Umhverfið og áhrif þess	23
4. Könnun	26
4.1 Markmið	26
4.2 Aðferð	26
4.3 Framkvæmd	27
4.4 Spurningalisti	27
4.5 Viðtölin	28
5. Niðurstöður	30
5.1.1 Leikur	30
5.1.2 Hlutverk leikskólakennara	34
5.1.3 Umhverfið	36
6. Umræða	39
6.1 Vangaveltur	43
Lokaorð	45
Heimildaskrá	46
Heimildir af veraldarvefnum	49
Listi yfir fylgiskjöl	

Inngangur

Leikur barna er eitt af viðfangsefnum leikskólakennara og umræða um leik barna er algeng meðal leikskólakennara nú sem fyrr. Við erum starfandi á leikskólum og höfum verið það í nokkur ár. Á þeim tíma höfum við verið að fylgjast með vægi frjáls leiks innan veggja leikskólans, bæði á þeim leikskólum þar sem við vinnum og þar sem við höfum verið í vettvangsnámi. Okkar upplifun og reynsla er að leikur barna er ekki alltaf skilgreindur sem leið barna til þroska, vits og náms. Af þessari reynslu var ákveðið að skoða leik barna með það fyrir augum að sjá hvernig hann eflir alhliðaþroska þeirra. Er leikur barna einvörðungu til að efla þroska þeirra eða er hann einnig til að undirbúa börnin fyrir framtíðina. Þættir sem einnig voru skoðaðir eru hvernig leikskólakennararnir og umhverfið fléttast inn í leik barna og hvaða áhrif þeir hafa. Við veltum upp þeirri hugmynd hvort breyttir þjóðfélagshættir með auknum hraða í þjóðfélaginu og auknum kröfum frá því, hafi áhrif á viðhorf og viðfangsefni þeirra, sem að uppeldismálum barna koma.

Byrjað er á fræðilegri umfjöllun um leik barna og stuðst við kenningar fræðimanna. Fjallað er um nokkra þroskaþætti, sem eflast hjá börnum í gegnum leik. Þeir eru: vitsmuna-, hreyfi-, félags- og málþroski. Jafnframt er sjónum beint að hlutverki leikskólakennara og umhverfinu. Í lok verkefnisins er greint frá niðurstöðum könnunar á viðhorfi leikskólakennara til leiks barna, sem gerð var í tveimur ólíkum leikskólum. Þeir eru ólíkir landfræðilega og hugmyndafræðilega.

1. Leikur

Í kaflanum er fjallað um leik barna og gildi hans fyrir þroska þeirra. Komið verður inn á ólíka þroskaþætti barna svo sem líkams-, vitsmuna-, tilfinninga- og málþroska, og þeir tengdir við leik barna.

Í gegnum tíðina hafa fræðimenn, úr mörgum og ólíkum vísindagreinum, rannsakað leik barna. Þeir skoðuðu leikinn frá ólíkum sjónarhornum en alltaf með tilliti til þroska barna.¹

Einn af fyrstu fræðimönnum sem gerði sér grein fyrir mikilvægi leiksins var Aristoteles. Aristoteles hélt því fram að grunnurinn að þroska einstaklingsins væri lagður á fyrstu sjö árum ævinnar. Merkilegt er að hugmyndir og kenningar Aristotelesar voru settar fram um 350 fyrir Krist. Þær teljast enn í dag nútímanlegar, þroskasálfræðilegar hugmyndir. Aristoteles taldi að menntun vera stóran þátt, í uppeldi barna og mikilvægan, í þroska mannsins. Hann sá hag í góðu uppeldi og menntun hvað varðar félags-, siðgæðis- og vitsmunarþroska. Aristoteles hélt því fram að börn gætu ekki þroskast á eðlilegan hátt án aðstoðar. Í samskiptum við aðra lærðu börn að þekkja sjálf sig og að þroska sjálfsmynd sína. Aristoteles lagði mikla áherslu á frjálsan leik barna og að þau lærðu með því að fylgjast með sér eldri börnum og með rannsóknum og athugunum. Hann hélt því fram að hvetja ætti börn til að leika um þær skyldur, sem þau hafa þegar þau verða fullorðin. Aristoteles taldi að leikir ættu að vera, sem mest eftirlíking af raunveruleikanum.²

Vygotsky er einn þeirra fræðimanna sem fjallaði um leik. Hann sagði að börn byrjuðu að tjá sig strax eftir fæðingu en hann taldi að ekki væri um leik að ræða hjá börnum undir þriggja ára aldri. Börn 3-6 ára læra að gera sér grein fyrir eigin athöfnun og að allir hlutir eiga sína merkingu.³ Allt lífið er breytingaferli og við hver þáttaskil, þ.e. þegar eitt lífsskeið endar og annað hefst þarf, nýja aðlögun og breytt hlutverk. Þetta eru ekki vandamál heldur ný viðfangsefni til að glíma við.⁴ Vygotsky sagði nám koma fyrst fram á forskólaaldri barna, fyrst og fremst í gegnum leik. Börn frá 3-6 ára eru ekki aðeins að leika sér, heldur eru þau virkir þátttakendur í námi og starfi. Þau komast smátt og smátt í tengsl við menningu, atvinnuhætti og þjónustu samfélagsins. Börn byrja að læra á

¹ Valborg Sigurðardóttir. 1991:107

² Welén, Therese. 2003:13

³ Vygotsky, Lev. 1933

⁴ Vygotsky, Lev. 1934 (a)

meðan þau leika sér. Vissulega fer það eftir því úr hvaða veruleika leikurinn sprettur og á hvaða vettvangi hann gerist og þróast. Leikur er eingöngu skýrður út frá eðlishvötum barna, sem fyrirfram ákveða form og innihald leiksins. Vygotsky taldi að það sem hvetur börn til leikja séu ýmsar óskir og þarfir til athafna sem þau geta ekki fengið strax. Við þetta skapast togstreita milli þess sem barnið vill og þess sem það getur eða má (t.d. að verða fullorðinn, að bíða í nokkra daga fram að afmælinu, að stýra flugvél). Börn geta leikið allt sem þau hugsa ef þau fá tíma og tækifæri til þess. Börn skapa ímyndaðar aðstæður og fara í hlutverk. Í leik geta börn haldið fast í hugmyndir og tákni og geta breytt hlutum að eigin vild. Barn getur byggt eigin flugvél úr þrem stólum og skapa það í leik. Framvinda leiksins kallar á fleiri hlutverk og fleiri börn í leikinn. Með hækkandi aldri barna eykst hugmyndaflug þeirra og þroski, þau nota fleiri hjálpargögn til stuðnings í leiknum. Þarfir og hvatir í tengslum við félagslegan og vitsmunalegan þroska barna skapast í leik sem gefur jákvæða tilfinningu. Vygotsky taldi að leikur væri sjálfstjórning barna og leið þeirra til þroska og þekkingar. Hann hafði uppeldisgildi á hverju þroskastigi vegna þessa er börnum nauðsynlegt að æfa ýmsa færni. Vygotsky lagði mikla áherslu á þykjustu- og hlutverkaleiki og taldi að þeir hefðu mikil áhrif á þróun sálarlífsins. Í leik styrkist tilfinninga-, félags- og málþroski þeirra. Hugmyndaflug og sköpunarhæfni barna eflist einnig. Aðalatriðið með frjálsum leik er ekki árangurinn eða verkið, heldur sú æfing og færni sem hann veitir.⁵

John Dewey (1859-1952), frægur bandarískur skólamaður, menntafrömuður og heimspekingur, lagði áherslu á að ígrunda hugsun, með þjálfun hugsunar (training of thought), ekki kennslu hugsunar (teaching of thought). Hann sagði að til að ná þessari hugsun fram:

[...] þarf að mynda góðar hugsunarvenjur og þær myndast einungis með námi í verki: skipulegri og samfelldri vinnu við að leysa verkefni sem reyna á hugsun og skilning.⁶

Börn áttu ekki að læra utanbókar heldur áttu þau að vinna sameiginlega að flestum verkefnum undir leiðsögn leikskólakennara.⁷ „Hugmyndir Deweys um skóla var samfélag í smækkaðri mynd“ og hann á að stjórna af lýðræðislegum samskiptum.⁸

⁵ Vygotsky, Lev.1933

⁶ Gunnar Ragnarsson. 2000:6

⁷ Dewey, John. 2000:6

⁸ Dewey, John. 2000:16

Einkunnarorð Deweys eru: „Nám í verki, að læra með því að framkvæma“⁹. Leikur og tilraunir barna með einingakubba byggir að stórum hluta á hugmyndafræði Deweys.

Í bókinni *Reynsla og menntun* veltir Dewey fyrir sér þeirri spurningu hvað frelsi sé. Það er skilgreint að hluta til með þessum hætti:

Eina frelsið sem hefur varanlega þýðingu er vitsmunafrelsi, það er að segja frelsi til að athuga eða rannsaka og leggja mat á hluti í þágu markmiða sem hafa gildi í sjálfum sér.¹⁰

Dewey hélt því fram að til sé innra og ytra frelsi, hið ytra er hreyfingafrelsi sem tengist líkamlegri hlið athafna. Ekki er hægt að skilja að innra frelsi, sem er frelsi til að vilja, hugsa og setja sér markmið. Kosti við ytra frelsi er að finna í sjálfu námsferlinu. Ef börnum er aðeins gefinn sá kostur að sitja sí og æ kyrr í borðleikjum verður það til þess að þrengja að vitsmunalegu og siðferðislegu frelsi þeirra. Hafi börn ekki frelsi til leiks eru minni líkur á áframhaldandi þroska þeirra á öðrum sviðum.¹¹

Susan Isaacs taldi að sjálfssprottinn leik barna vera mikilvægan þátt í félagslegum, vitsmunalegum, skapandi og persónulegum þroska þeirra og leið barna til að tjá sýn sína á tilveruna og til þess að læra. Leikurinn er í raun aðferð barna til þess að dafna og þroskast, hann er því mikilvægur fyrir börn.¹²

Hangaard Rasmussen skrifaði: „leikur er merkilegt fyrirbæri sem ekki er hægt að fanga í einhverja skýra og einfalda formúlu“. Flestir hafa einhverja hugmynd um hvað leikur er. Ef þeir eru beðnir um að lýsa mikilvægum einkennum leiks í nokkrum setningum skortir þá orð. Litið er á leiki sem verkfæri eða verkefni við nám og undirbúning fyrir fullorðinsárin.¹³ Margir rannsakendur hafa þó skilgreint leikinn og vilja meina að verkefnið verði að innihalda ákveðna þætti til þess að geta verið skilgreint sem leikur. Samkvæmt mörgum þeirra er leikur verkefni sem er sjálfsprottið, sjálfviljugt, ánægjulegt og ekki markmiðsstýrt.¹⁴ Leikur er börnum eðlilegt tjáningarform. Í gegnum hann geta börn rannsakað, gert tilraunir með og uppgötvað það sem er í kringum þau.¹⁵ Hann gerir börnunum kleift að læra af mistökum sínum í gegnum tilraunir þeirra og gefur þeim tækifæri til að ráða einhverju í heimi hinna fullorðnu. Í frjálsum leik læra börn að

⁹ Dewey, John. 2000:16

¹⁰ Dewey, John, 2000:71

¹¹ Dewey, John. 2000:71-72

¹² Welén, Therese. 2003:36

¹³ Welén, Therese. 2003:22

¹⁴ Welén, Therese. 2003:22

¹⁵ Frost, L. Joe. o.fl. 2005:279

beita sköpunargáfu sinni og þroska fin- og grófhreyfingar. Þau örva ímyndunaraflið á áþreifanlegan hátt með þroskavænlegum hætti og með tilfinningalegum styrk.¹⁶

Leikur er nauðsynlegur í mannlegu eðli er þróun barns til að ná þroska og leið þess til að verða heilsteyptur fullorðinn einstaklingur. Fólk gerir sér almennt ekki grein fyrir mikilvægur leikur er fyrir þroska hvers einstaklings, sérstaklega fyrir þroska barna. Hinn frjálsi leikur er nauðsynlegur fyrir alla þroskaþætti barna. Margar rannsóknir hafa staðfest þetta. Hér er vísað til rannsóknar, sem gerð var af United Nations High Commission for Human Rights í Bandaríkjunum árið 2006.¹⁷ Sýnt er fram á hversu mikið lífstíll foreldra og annarra uppalenda í Bandaríkjunum hefur að segja um frjálsan leik barna. Sá hraði sem einkennir þjóðfélagið hefur áhrif á leik barna. Nútíma lífstíll með bíl á hverju heimili, tímaskorti og fjöldann allan af afþreyingarefni fyrir börn, sem ekki felur í sér hreyfingu, svo sem tölvu- og myndbandsleikir, hefur valdið því að markviss örvun grófhreyfinga fer fram í skipulögðum leikjum og íþróttum í leikskólanum og á öðrum stöðum.¹⁸ Það má með sanni segja að lífstíll hafi breyst mikið í gegnum áratugin. Rangt væri að álykta að eingöngu nútímaþróun og lífstíll séu einu vandamálin fyrir leik barna. Fleiri þættir skipta þar máli. Þar má nefna, fátækt og menntunarleysi foreldra og jafnvel áhugaleysi ráðamanna sem geta haft mikið um leik að segja.¹⁹ Því er það ein af skyldum leikskólans að sjá til þess að leikur barna öðlist pláss innan veggja hans enda segir *Aðalnámskrá leikskóla* meðal annars:

Á bernskuárum er leikur lífstjáníning barns, ríkjandi athöfn og mikilvægasta náms- og þroskaleið þess. Leikur er hornsteinn leikskólastarfsins og lífstjáníning og gleðigjafi barns.[...] Leikir barna mótast af hugmyndaauðgi þeirra og sköpunarmætti, þ.e. hæfni til að sjá ný tengsl, að koma fram með nýstárlegar hugmyndir og víkja frá hefðbundnu hugmyndamynstri.²⁰

Hugtakið leikur er afstætt, það er notað með mismunandi merkingu við mismunandi aðstæður. Oftast er hugtakið notað í merkingunni „frjáls“ og sjálfvalið verkefni en önnur meira stýrð verkefni innan leikskólans tengjast einnig hugtakinu.²¹ Þó er leikur grundvallaratriði fyrir alhliða þroska barna, svo sem vitsmuna-, tilfinninga-,

¹⁶ Ginsburg, Kenneth R. 2007:183

¹⁷ Ginsburg, Kenneth R. 2007:182

¹⁸ Ginsburg, Kenneth R. 2007:183

¹⁹ Ginsburg, Kenneth R. 2007:185

²⁰ *Aðalnámskrá leikskóla*. 1999:12

²¹ Welén, Therese. 2003:21

mál-, félags- og líkamsþroska. Leikur er ein af forsendum þess að börn eru í andlegu jafnvægi, hann er líka undirstaða fyrir bóklegs náms barna síðar á lífsleiðinni. Ef börn fá tækifæri til að leika sér í frjálsum og óheftum leik án skipulagningar, með eða án þátttöku hinna fullorðnu skapar það jafnvægi í þroska þeirra í gegnum æskuárin. Þau læra að vera hamingjusöm og njóta augnabliksins. Ef allir ofangreindir þættir haldast í hendur er þetta góður undirbúningur fyrir framtíð þeirra og til að takast á við lífið síðar á lífsleiðinni.²²

Enda kveður *Aðalnámskrá leikskóla* um að hlutverk leikskólans sé að:

[...] búa börnunum hollt uppeldisumhverfi og örugg leikskilyrði gefa börnunum kost að taka þátt í leik og starfi, [...] efla alhliðaþroska barna í samræmi við eðli og þarfir hvers og eins.²³

Sýn samfélagsins á leik og mikilvægi hans fyrir þroska barna hefur breyst í áranna rás. Sú sýn endurspeglar gildin og sýn á barnauppleði á hverjum tíma.²⁴

Í leikskólum landsins er yfirleitt sett fram dagskipulag fyrir stundir dagsins. Það er hugsað út frá tveimur þáttum þ.e. leikskólakennarastýrðar stundir eða barnstýrðar stundir. Leikskólakennarastýrðar stundir er skipulagt starf, til dæmis hópastarf. Leikskólakennarinn stýrir þeim frá upphafi til enda, en val og fjáls leikur eru barnstýrðar stundir. Í barnstýrðum stundum eru það börnin sem ráða ferðinni í athöfnum sínum. Í þeim hafa börnin tækifæri til þess að ráða á hvaða svæði þau leika sér í leikskólanum og í hvaða leik Barnið ræður upphafi stundar, innihaldi hennar og endi. Hægt er að tengja þetta við kenningu Dewey að börn læri með því að framkvæma og læra af mistökum sínum.²⁵

Oft er dagskipulag keyrt áfram og stýrt eftir klukkunni yfir daginn, ekki af leik barna. Þetta er réttlætt með því að samfélagið þurfi ungt og hæfileikaríkt fólk sem á að verða leiðtogar framtíðarinnar og kunna að takast á við lífið. Leikskólakennarar verða að fara að viðurkenna að sú þensla sem er í þjóðfélaginu og jafnvel í heiminum öllum er farin að stýra starfinu sem fram fer innan veggja leikskólans, meðvitað eða ómeðvitað með auknum kröfum um menntamál leikskólabarna. Sú hætta er fyrir hendi að þetta komi niður á frjálsum leik barna.²⁶

Leikur hefur áhrif á alla þroskaþætti barna og hér á eftir verður fjallað um leik í tengslum við hina ólíku þroskaþætti, þó við séum meðvitaðar um að þessir þættir fléttist

²² Ginsburg, Kenneth R. 2007:183

²³ Aðalnámskrá leikskóla. 1999:7

²⁴ Welén, Therese. 2003:11

²⁵ Dewey, John.2000.16

²⁶ Ginsburg, Kenneth R. 2007:185

meira og minna saman í leik barna. Næsti kafli fjallar um vitsmunaprofka barna og sýnt verður fram á hvaða hlutverki hann gegnir í leik barna.

1.1. Vitsmunaprofki

Hér verður fjallað um vitsmunaprofka barna og hvernig hann er samtvinnnaður leik þeirra.

Piaget setti fram kenningu um vitsmunaprofka barna. Hann skoðaði hvernig þekking og skilningur barna á heiminum þróast. Piaget taldi að börn byggju til sína þekkingu sjálf og að vitsmunaleg aðlögun barnsins að umheiminum færi í gegnum tvö konar skeið, sem hafa hvort annað að forsendu, samlögun og aðhæfing. Piaget kallar *skema* hegðunarmynstur barna sem sýna bæði andlega og líkamlega þætti og viðbrögð þáttanna. Hann taldi að börn vera með frumstæð skyn- og hreyfiskemu. Þróunin fer svo í flóknari skemu það gerist með samlögun aðhæfingu og jafnvægi. Skema hefur áhrif á alla reynslu barna því þau meðtaka best það sem fer saman við hugarskemu þeirra. Þróun frá frumstæðum skema yfir í flóknara skema gerist með samlögun. Hún er aðferð við að meðtaka atburð eða reynslu og samhæfa við tiltekið skema. Samlögun breytir upplýsingum eða áreitum frá umhverfinu. Aðhæfing er þegar börn breyta skemum sínum út frá þeim upplýsingum, sem þau hafa orðið sér út um, með samlögun. Börn reyna alltaf að ná samhengi og hafa jafnvægi og skilning á heiminum sem er þeim ásættanlegur.²⁷ Ungbörn hafa frumstæða skemu svo heimsmyndin verður mjög skökk í upphafi. Heimsmyndin breytist þegar barnið nær ákveðnum aðgerðum og þá verður ákveðið stökk eða þrep í vitsmunaprofka þeirra. Piaget taldi börn vera virka aðila í þróun sinni og að þau taki þátt í þróuninni allt frá fæðingu í samspili reynslu og meðfædds upplags. Hann taldi að frá fæðingu til tveggja ára skynjuðu börn umhverfið út frá skilningarvitum og út frá meðfæddum hæfileikum. Í lok skynhreyfistigsins eru börn farin að skilja varanleika hluta og muna betur atburði, fólk og hluti. Þá er herminámið stór þáttur hjá þeim í vitsmunastarfi eins og í leik, þau herma eftir því sem þau upplifa í kringum sig, til dæmis eru þau að elda mat, o.s.frv. Sjálflægni einkennir hugsanir þeirra að mestu leyti. Börn gera sér ekki grein fyrir sjónarhorni og viðhorfi annarra. Þau skilja umheiminn aðeins út frá sínu eigin sjónarmiði. Þau eru mjög upptekin af því sem er að gerast hér og nú.²⁸ Börn hafa hvorki þroska né skilning á því sem gerist á morgun eða í nánustu framtíð. Leikur er hér og nú í þeirra hugarheimi.

²⁷ Piaget, Jean. 1955

²⁸ Piaget, Jean. 1955.

Vygotsky var ekki sammála Piaget og setti fram kenningu um *svæði hins mögulega þroska*, það er svæðið á milli þess getustigs sem börn geta leyst verkefnið sjálf og þess getustigs sem þau geta gert hlutina með aðstoð annarra til dæmis fullorðinna eða þroskaðribarna. Dæmi um þetta er gefið í bókinni *Pedagogiska Kullerbyttor*. Þar er sagt frá tveim börnum sem eiga að búa til brú úr leir. Barn A fær hugmynd um hvernig hægt væri að smíða brúna sem það vill sannprófa. Leikskólakennarinn íhugar að blanda sér í málið og aðstoða en ákveður að leyfa barninu að leysa verkið. Hann valdi frekar að gefa barninu ráð eða aðstoð þegar vandamálið væri leyst, í þessu tilfelli er það brúin. Með mikilli vinnu tekst barninu að byggja brúna. Barn B hafði horft á hvernig félagi hans gerði og ákvað að notast við sömu uppbyggingu við sína brúarsmíð. Barn B var tilbúið fyrir nýtt stig í hugsun sinni.²⁹ Þetta kallar Vygotsky *svæði hins mögulega þroska*. Hann sagði að það sem börn geti með stuðningi annarra sé vísbending um raunverulega getu og þroska þeirra. Þess vegna þarf námið og leikur að vera krefjandi og hluta til það sem börn geta sjálf og að hluta það sem þau geta með stuðningi frá öðrum.³⁰ Einnig hélt hann því fram að vitsmunafroski væri misjafn eftir menningu og því umhverfi sem er til staðar í samfélaginu.³¹

Howard Gardner kom fram kenningu um fjölþáttagreindir, hann heldur því fram að greind mannsins samanstandi af fleiri en einni greind. Með kenningunni víkkar hann sýn manna á mannlegum möguleikum og hæfileikum út fyrir ramma hefðbundinna greindarprófa. Hann segir að „greind snúist fremur um hæfileika til að leysa þrautir eða vandamál annars vegar og hins vegar að hanna afurðir í góðu samspili og samhengi við umhverfið“³² Samkvæmt fjölgreindakenningu Gardners býr hvert barn yfir öllum greindum og geta flest þeirra þróað hverja greind á vissan hátt miðað við getustig ef næg örvun og tækifæri eru fyrir hendi. Gardner segir hæfileika barna og fullorðinna geta legið á mismunandi sviðum og ein tegund greindar sé ekki mikilvægari en sú næsta. Því er mikilvægt að gefa börnum tækifæri til fjölbreyttra leikja og verkefna svo þau fái tækifæri til að þroskast sem best.³³

²⁹ Wallin, Karin. 2003:49

³⁰ Vygotsky, Lev. 1934. (a)

³¹ Vygotsky, Lev. 1934 (b)

³² Armstrong, Thomas. 2001:13-14

³³ Armstrong, Thomas. 2001:14-15, 20-22

Aðalnámskrá leikskóla segir að til að örva vitsmunaprofna barna þurfi að:

búa barni lærdómsríkt og örvandi umhverfi; þjálfa athyglisgáfu barns, hugsun, minni og einbeitingarhæfni; [...] þroska tjáningu og hugtakaskilning barns; spyrja barn spurninga sem leiða til gagnrýnnar hugsunar.³⁴

Stór skref í vitsmunaprofna barna á leikskólaaldri er þegar þau læra á umhverfi sitt og fá tækifæri til að kanna það. Þá leggja börn sig fram við að læra og ná valdi á umhverfi og viðfangsefnum með því þroskast hæfileikar þeirra. Þetta er líka undirbúningsstig fyrir sjálfstæða hugsun. Undirbúningurinn að sjálfstæðri hugsun einkennist af sjálflægni, því börn geta ekki ímyndað sér annarra manna tilfinningar. Þau skilja heiminn í gegnum það sem þau sjá. Það er ekki fyrr en börn verða 2-4 ára sem þau geta farið að hugsa um hluti og sjá fyrir sér hluti sem eru ekki á staðnum og haft tilfinningar gagnvart þeim. Þetta opnar fyrir þeim víðáttumikinn heim þykjustuleiksins. Þegar börn hafa náð 4-7 ára aldri hafa þau öðlast þann þroska og hæfileika til að hugsa út frá þeirra sjónarmiði.³⁵ Það er til dæmis hæfileiki til að flokka hluti eftir stærð, lit eða formi sem er hluti af sjálfstæðri hugsun.

Á vissu skeiði þroskast sérleiki barna best í félagslegu umhverfi, börn verða fljót samrýmd í leikjum. Leikur er mikilvægur til að örva vitsmunaprofna. Börn sem eru dugleg í þykjustuleikjum hafa frjótt ímyndunarafl og þau eru skapandi. Þau hafa hæfileika til að geta endursagt og endurleikið fyrri samtöl og atburði sem áttu sér stað fyrir einhverju síðan. Þetta kennir þeim samningatækni og getu til að sjá fyrir sér hvað gæti orðið. Börnin geta komist að raun um að það getur verið skemmtilegt að skapa eitthvað nýtt. Gera hluti þar sem þau fá sköpunarþörf sinni fullnægt í leik, þá öðlast þau færni til að heimfæra hana upp á veruleikann. Með þessu hafa þau lært af reynslunni.

Með því að skoða ólíkar kenningar má sjá að börn efla vitsmunaprofna sinn allt sitt líf. Börnum sem fá verkefni í dag og geta ekki leyst þau tekst það ef til vill á morgun. Þau hafa þá styrkt sjálfsmynd sína og bætt við vitsmunina þeirra í gegnum leikinn. Ævintýrin sem skapast frá degi til dags í leik eru merki þess að þau eru að bæta ofan á þekkingu sína.

Góð greind og góður líkams- og hreyfiþroski haldast ekki alltaf í hendur. Barn sem er með fulla greind og góðan vitsmunaprofna getur vissulega verið með frávík í

³⁴ Aðalnámskrá leikskóla.1999:9

³⁵ Vygotsky, Lev. 1933

hreyfiþroska t.d. C.P. Því ekki er samspil á milli C.P og greindar barna. Í næsta kafla er fjallað um líkams- og hreyfiþroska og hvaða þátt þeir eiga í leik barna

1.2. Líkams- og hreyfiþroski

Hreyfingin er samfara hverjum leik og jafnvel aðalatriðið í mörgum þeirra. Börn nota líkamann og miklar hreyfingar þegar þau eru í frjálsum leik. Hér verður fjallað um það.

Strax frá fæðingu eru hreyfingar barna óvissar og fálmandi.³⁶ Á fyrsta ári miða allar sjálfráðar gerðir barna fyrst og fremst að því að æfa hreyfingar og hljóð. Smá saman verða hreyfingar þeirra ákveðnari og markvissari, þegar þær þjálfast í samspili við umhverfið. Hreyfihvöt barna er mjög sterk. Börn reyna ávallt að líkja eftir fyrirmyndum, sem þau sjá og heyra. Allt eru þetta mikilvægir þættir í líkams- og hreyfiþroska barna. Ef börn finna ekki fyrirmyndir og viðfangsefni í umhverfinu gæti hreyfihvöt þeirra dvínað og hreyfigetan getur aðeins náð ófullkomnum þroska.³⁷

Um 2 ára aldur taka börn eitt af sínum stærstu stökkum í hreyfiþroska. Þau eru farin að geta gengið upp stiga, hlaupið um utan sem innan dyra og klifrað upp á stóla eða hluti. Börnin hafa mikla þörf fyrir hreyfingu.³⁸ Eftir því sem börnin eldast hafa þau enn meiri þörf fyrir hreyfingu þar sem þau hafa örvað og aukið við hæfni sína til hreyfinga. Þau eru farin að nota tækifærið til að rannsaka hluti og umhverfi sitt til leiks.³⁹

Börn byrja að vera þátttakendur í hreyfileikjum um leið og þau hafa þroska og færni til að ráða yfir líkama sínum og útlimum. Fyrstu merki þess að börn hafi öðlast þessa færni er þegar þau geta gripið utan um hluti, en það er undanfari ýmissa hreyfileikja, svo sem að leika sér að fingrum og tám.⁴⁰

Í *Aðalnámskrá leikskóla* segir að veita þurfi börnum „líkamlega umönnun, efla hreyfiþroska og hreyfigetu, styrkja samhæfingu hreyfinga og stuðla að vellíðan og öryggi“.⁴¹

Leikskólaárin eru sá tími þar sem lagður er grunnur að öllum hreyfiþroska, svo sem gróf- og fínhreyfingum. Með grófhreyfingum er átt við allar hreyfingar sem hafa með stjórn líkamans á útlimum sínum að gera, göngu, samhæfingu fóta á göngu eða hlaupum og það að geta beygt sig án þess að detta. Fínhreyfingar eru aftur á móti tengdar við

³⁶ Hertzog, Margret E. og Ellen A. Farber. 1996:53

³⁷ Hertzog, Margret E. og Ellen A. Farber. 1996:54

³⁸ Frost, Joe L. o.fl. 2005: 88

³⁹ Frost, Joe L. o.fl. 2005:108

⁴⁰ Frost, Joe L. o.fl. 2005: 89-108

⁴¹ *Aðalnámskrá leikskóla*. 1999:9

hendur og fingur og hvernig börn stjórna þeim í samhengi við að grípa, púsla, greiða hár, mála, lita og skrifa og hvernig börn læra að klæða sig. Það er að segja renna rennilás, hneppa hnöppum og á endanum reima skó. Allar hreyfingar styrkja og örva samhæfingu huga, handa, fóta og augna barna.⁴² Til að þessir þættir geti styrkst verður að koma til einhver vitsmunalegur þroski hjá börnunum. Hreyfiþroski barna einn og sér er ekki næg ástæða fyrir hæfni barna til leiks heldur verður vitsmunapróska að þroskast um leið.⁴³

May W. Johansen og Anne Brynhildsen vitna í Vygotsky þar sem hann segir að vitsmunapróska þróist í félagslegu samhengi, í samskiptum við önnur börn, tileinka þau sér getu og þróa vitsmunalega hæfni sína.⁴⁴ Með því að skoða leik sem félagslegt fyrirbrigði er hægt að sjá nokkrar gerðir leikja og með því að skoða innihald leikja má sjá aðrar gerðir af leik. Í næsta kafla verður fjallað um leik sem félagslegt og tilfinningalegt fyrirbrigði.

1.3. Félags- og tilfinningapróska

Börn móta félagsþroska sinn með því að umgangast aðra. Fjölskylda einstaklingsins skiptir miklu máli í félagsmótun barna. Félags- og tilfinningapróska lærist með samskiptum við foreldra og systkini.⁴⁵ Hér verður fjallað um hvernig félags- og tilfinningapróska barna eflast í leik.

Margir rannsakendur hafa unnið við að skipta leiknum upp í mismunandi flokka t.d. einleik, samhliðaleik eða samleik til þess að reyna að komast að innsta kjarna leiksins og hvernig hann tengist félags- og tilfinningapróska og líkams- og hreyfiþroska barna.⁴⁶ Þegar talað er um einleik er átt við að barnið sé eitt að leik til dæmis þegar það leikur sér að ták og fingrum. Samhliðarleikur er þegar nokkur börn eru að leika sér hlið við hlið í hóp en ekki hvert við annað. Samleikur er þegar börn leika sér saman, deila hugmyndum í leik og eru þátttakendur hvers annars.

Bowlby og Ainsworth höfðu áhrif á hugmyndir manna um þróun félags- og tilfinningapróska og töldu þá nauðsynlega til að tryggja börnum umhyggju. Sú menning og það samfélag sem börn alast upp í, hafa áhrif á það hvernig þau sýna tilfinningar. Börn eru misörugg við fyrstu tengsl og misörugg um þá fyrirmynd og sjálfsmynd sem þau þroska með sér. Bowlby telur að mismunandi tengsl séu milli barna og foreldra.

⁴² Aðalnámsskrá leikskóla.1999:19-20

⁴³ Frost, Joe. L. o.fl. 2005:92 og Gordon, Ann Miles. 2003:448-452

⁴⁴ Johansen, Wenche May og Anne Brynhildsen. 1998:35

⁴⁵ McInerney, Dennis M. 2006:257-258

⁴⁶ Welén, Therese. 2003:12

Hann notar hugtakið „innra vinnslukerfi“, sem er öryggi barnsins um foreldrið, væntingar þess um nálægð, hlýju eða athöfn foreldris. Börn sem eru örugg nota foreldra sína sem öryggishöfn og treysta þeim. Mun meiri líkur eru til þess að börn, sem eru örugg séu jákvæð gagnvart öðrum börnum. Þau eru hjálpsöm, vinaleg, taka tillit til annarra og hafa stjórn á tilfinningum sínum.⁴⁷

Erik H. Erikson, fræðimaður í sálar- og uppeldisfræði, byggði kenningar sínar á leik á kenningum Freuds. Hann beindi sjónum að gildi leiksins fyrir sálræna þróun barna. Erikson taldi að í leik leysi börn félagsleg og tilfinningaleg vandamál og að í leik væru börn að fást við raunveruleikann. Hann sagði að börn sköpuðu sér aðstæður í leik þar, sem þau ná valdi á sjálfum sér og umhverfinu. Þau fengju útrás fyrir bældar tilfinningar og hvatir. Erikson taldi að börn hefðu þörf fyrir hrós og viðurkenningu á eigin hæfni. Þetta hefði áhrif á þróun sjálfsins og sjálfsmýndar barnsins, sem kæmi fram í leik þeirra síðar.⁴⁸ Erikson taldi að maðurinn væri að þroskast allt sitt líf. Í kenningunni setti hann fram hugmyndir um félagsmótun einstaklings, að hún myndi þroskast í gegnum átta ákveðin og stigbundin þroskaskeið sem taka hvert við af öðru. Hvert þroskaskeið einkennist af því að einstaklingurinn þarf í samskiptum sínum við aðra og umhverfið að leysa ákveðin vandamál sem upp geta komið í leik. Barnið lærir að eiga frumkvæði að því að rannsaka umhverfi sitt og uppgötva sjálft. Viðurkenning er ein mikilvægasta forsenda þróunar sjálfsins og ýtir undir frumkvæði.⁴⁹

Bateson (1905-1980) byggði sína kenningu á boðskiptakenningu, sem birtist í rannsóknum hans á leik og samskiptum dýra. Hann taldi börn miðla hvert öðru boðum í gegnum leik sem fer fram með orðum, svipbrigðum eða athöfnum. Hann kallar það hliðarskilaboð sem þýðir: *Þetta er leikur*. Bateson taldi leik vera boðskipti í leik barna. Í honum lærðu börn hvað er leikur og hvað ekki. Jafnframt taldi Bateson að börn gerðu sér grein fyrir því hvort um þykjustu eða alvöru væri að ræða. Börn gæfu frá sér skilaboð, „það sem við erum að gera núna er í þykjustunni“.⁵⁰

Leikur eykur félagslega þátttöku barna, því er hann nauðsynlegur. Í leik ákvarðast félagsleg staða hvers og eins.⁵¹

Ung börn, allt frá fæðingu, hafa ánægju af að vera í samskiptum við aðra. Þó þau séu ekki fær um að skilja hugtakið samleikur. Á unga aldri leika þau sér í hliðarleik en

⁴⁷ Bee, Helen og Denise Boyd. 2004:296-297

⁴⁸ Valborg Sigurðardóttir. 1991:22-23

⁴⁹ Bee, Helen og Denise Boyd. 2004:15-16

⁵⁰ Bateson, Gregori. 1985: 131-138.

⁵¹ Frost, Joe L. o.fl. 2005:42

hvert og eitt barn út af fyrir sig. Hægt og rólega þróast félagsþroskinn og á milli 3-6 ára fara börn að uppgötva að þau eru hluti af ennþá stærri heild.⁵² Í gegnum leik læra börn að vinna í hóp, í honum læra þau að semja og leysa úr ágreiningsefnum og læra að nota málsvörn sér eða öðrum til handa.⁵³ Í gegnum leik læra börn mikið um sig, hver þau eru, hvað þau geta og hverjum þau tengjast.⁵⁴

Ekki geta leikföng ein og sér fullnægt leikþörf barna af þeirri ástæðu að börn eru félagsverur og hafa ríka þörf fyrir leikfélaga. Félagsþroski þroskast og eflist í samleik barna. Í samleik læra börn aðra og nýja tegund leikja. Samleikur kemur inn á og þroskar með börnum réttlætisvitund. Börn þurfa að lúta reglum og virða óskir, þarfir og hlutverk leikfélagans. Í samleik er gerð krafa um jafnrétti, sem hefur áhrif á siðgæðisþroska barna. Í gegnum jafnrétti læra börn að vera þátttakendur í rökræður. Börn læra að veita öðrum jöfn tækifæri til að vera þátttakendur í leik. Þau læra hvenær á að vera fylgin sér og hvenær ber að víkja fyrir öðrum. Þau styðja hvert annað með þeim hætti að ef barn á erfitt með að komast inn í leik þá hjálpar einhver eða einhverjir því inn í leikinn.⁵⁵

Öðru máli gegnir með einleik, hann hefur önnur áhrif á leik barna. Þó að börn hafi gnægð leikfanga í boði þá tekst þeim aldrei að gæða þau lífi leikfélagans. Börn standa andspænis dauðum hlutum sem hægt er að fara með eins og þau listir. Þau geta hent þeim, rífið eða brotið án þess að finna til samviskubits gagnvart hegðun sinni. Þess vegna eru minni líkur á því að börn læri siðferðislegar skyldur í gegnum einleik. Foreldum og öðrum uppalendum ber siðferðisleg skylda til þess að kenna börnum að bera virðingu fyrir eigum sínum og annarra.⁵⁶

Til að efla tilfinningaþroska þarf að:

búa barni umhverfi með öryggi, hlýju og festu, kenna barni að bera virðingu fyrir sjálfu sér og öðrum, efla sjálfstraust barns og trú á eigin getu, veita barni frelsi til að tjá tilfinningar sínar [...]⁵⁷

Reynslan hefur sýnt að jákvætt viðhorf til skólans og með því að eiga gott samstarf við kennara skólans eru foreldrar að sýna börnum sínum umhyggju, aðhald og eftirlit. Þá leggja þeir sitt af mörkum til að kenna börnum sínum samkennd og efla sjálfstraust

⁵² Johansen, Wenche May og Anne Brynhildsen. 1998:35-36

⁵³ Ginsburg, Kenneth R. 2007:183

⁵⁴ Frost, Joe L. o.fl. 2005: 253

⁵⁵ Matthías Jónasson. 1947:209-210

⁵⁶ Matthías Jónasson. 1947:210

⁵⁷ Aðalnámskrá leikskóla. 1999:9

þeirra.⁵⁸ Börnum líður vel ef þau vita að foreldrar og kennarar eiga góð samskipti. Þetta veitir þeim öryggi, vellíðan og styrkir félagsfærni þeirra.⁵⁹

Gott er fyrir börn að hafa gott samband við foreldra, ömmur, afa og kennara. Það er þó ekki nóg fyrir þau til að geta þroskast félagslega. Til þess verða börn að ná tengslum við jafnaldra sína. Með þeim æfa þau félagshegðun, samvinnu, tillitssemi, virðingu, umburðarlyndi og nálægð. Stór hluti leikskólaáranna fer í að efla félagsþroskann í gegnum leik. Í honum er komið inn á samskipti við önnur börn og kennara.⁶⁰ Eftir að börn eignast leikfélaga komast þau að því að þau verða að falla inn í ákveðin hlutverk ef þau vilja aðlagast hópnum.⁶¹ Ef börn eru í góðum félagslegum tengslum við önnur börn og fullorðna gengur þeim betur að þróa tungumálið.⁶²

Næst verður fjallað um máltöku barna og hvernig málþroski eflist í gegnum leik þeirra.

1.4. Málþroski

Tungumálið er frjótt og það breytist með þroska barna til dæmis í gegnum frjálsan leik þeirra. Börn sem eru farin að tala nota tungumálið á margbreytilegan og skapandi hátt. Chomsky, og síðar Dan Slobin, álitu að málið þróaðist eins hjá öllum börnum í mismunandi menningarsamfélögum.⁶³

Vygotsky sagði að tungumál vera mikilvægt í sambandi við vitsmunapróska. Barn er allt frá fæðingu næmt fyrir ýmsum áreitum sem tengjast málinu og þess vegna er mikilvægt að tala við barnið strax frá fæðingu þess. Vygotsky sagði að mikilvægt er að lesa fyrir barnið. Lestur örvar málþroskann og margvíslega aðra hæfni svo sem einbeitingu og hlustun. Það gefur börnum skilning á lífi og líðan annars fólks og eykur innsæi og skilning. Tungumálið er leið til að miðla hugsun og að tjá tilfinningar sínar. Vygotsky's setti kenningu sína um málþroska barna setti hann upp í stig. Þessi stig eru tjáning, að tala við sjálfan sig og tala í huganum. Hann taldi börn læra þannig að skipuleggja hugsanir sínar og hugsanaferli.⁶⁴

Börn byrja snemma að nota ýmis hljóð, tákn eða svipbrigði til að tjá sig í leik sínum. Uppbyggingu tungumálsins í gegnum leik má lýsa á tvo vegu, annars vegar

⁵⁸ Nanna Kristín Christiansen. 2006:25-26

⁵⁹ Bove, Chiara. 2001:110-115

⁶⁰ McInerney, Dennis M. 2006:271

⁶¹ Talay-Ongan, Ayshe og Emily A. Ap. 2005:136-145

⁶² Bee, Helen og Denise Boyd. 2004:209-231

⁶³ Bee, Helen og Denise Boyd. 2004:226

⁶⁴ Vygotsky, Lev. 1934 (b)

hvernig börn leika sér með tungumálið í leik og hins vegar hvernig börnin nota leikinn til að nota tungumálið. Í leiknum læra börnin ný orð, hugtök og öðlast skilning á þeim. Börn uppgötva hvaða not þau hafa fyrir tungumálið í samskiptum við aðra og þroska það með sér með hliðsjón af öðrum táknerfum eins og nefnd voru hér að ofan. Þau verða meðvituð og sýna skilning á reglum leiksins með tungumálinu.⁶⁵

Aðalnámskrá leikskóla segir :

Tungumálið er mikilvægasta tæki manna til boðskipta. [...] Því ber að leggja áherslu á málrækt: í samtölum, með krefjandi spurningum, með því að lesa fyrir barnið, segja því sögur og kenna því kvæði og þulur. Einnig skal hvetja barn til að spyrja, segja frá og hlusta með athygli.⁶⁶

Mál og málörvun er í öllu daglegu starfi leikskólans. Leikskólinn undirbýr börnin fyrir skólagöngu og hjálpar þeim að öðlast tilfinningu fyrir að tilheyra samfélaginu, smáu sem stóru. Er það einn möguleikinn til að þau öðlist jákvæða sjálfsmynd sinni, sjálfsvirðingu og sjálfstæði. Mál og málörvun fer fram í samskiptum, í gegnum leik og starf. Frá fyrstu stundu á að tala gott mál við börn, þó þau séu hvítvoðungar hafa þau vissan þroska og skilning til að drekka í sig fróðleik.⁶⁷

Málþroski krefst hlustunar af börnunum. Þau þurfa að hlusta eftir þeim samskiptum sem fram fara í leiknum. Með því að hlusta gefst barninu tækifæri til að koma inn í samræðurnar og spyrja spurninga eða taka undir hjá öðrum. Í leik er gott að leikskólakennarann setji orð á sem flesta hluti og athafnir barna. Samskipti barna fara fram að stærstum hluta með orðum. Þau gefa hvort öðru ákveðin fyrirmæli um það sem er að gerast í leiknum. Að geta sett orð á hugsanir sínar eflir félagsþroska barna, þau ná betur til hvert annars.⁶⁸

Frjáls leikur barna er svo miklu meira en bara leikur, hann gefur börnunum tækifæri til að tjá sig með orðum og gjörðum. Því hann tekur á öllum þroskaþáttum barna eins og fram hefur komið. Börn byggja stanslaust ofan á fyrri reynslu í leik. Þau þroska hugsun og hæfni til að tileinka sér nýja þekkingu með því að taka þátt í leik og skapandi starfi. Í

⁶⁵ Frost, Joe L. o.fl. 2005: 132-133

⁶⁶ Aðalnámskrá leikskóla. 1999:20

⁶⁷ Bee, Helen og Denise Boyd. 2004:209-231

⁶⁸ Frost, Joe L. o.fl. 2005:131

leikskóla sækja börn margvíslega reynslu og þekkingu sem ætla má að hafi jákvæð og mótandi áhrif á þau í lífi þeirra.

Leikur er félagsleg athöfn, þó vissulega geti börn leikið sér eitt og sér í einhvern tíma. Til að börn geti lært félagsleg samskipti er nauðsynlegt að þau séu undir handleiðslu leikskólakennara og æskilegt er að hann fylgist með leik þeirra. Í gegnum leik öðlast börn færni til þess að leysa deilur að taka tillit til náungans, sýna samhug og virðingu, þau verða víðsýnni á veröldina. Þau örva málþroska sinn með samræðum við börnin og leikskólakennarann meðan á leiknum stendur. Börn þurfa ekki að tala til þess að tjá sig í leik en orðin eru vissulega góð til að koma upplýsingum og hugsunum til skila á skilmerkilegri máta en ella. Að ræða um það sem er að gerast í leiknum og viðburði dagsins, segja sögur, rifja upp áhyggjur og ótta er góð leið til að eiga nán samskipti við barnið. Ef börn geta tjáð sig með orðum minnkar það líkurnar á árekstrum milli þeirra. Börnum reynist oft gott að vinna úr erfiðri reynslu eða upplifun í gegnum frjálsan leik. Þau nota til þess brúður, önnur börn eða sig sjálf til að túlka og vinna úr tilfinningum sínum. Margir halda því fram að sköpun sé einungis bundin við það sem getur farið upp á vegg en gleyma því að hún á sér einnig stað í frjálsum leik. Við teljum að nái börn miklum hæðum í sköpun sinni, þau ná að skapa heilu ævintýrin sem krefst töluverðrar færni af þeim. Ævintýrin breytast, stækka og taka á sig nýja mynd eftir aldri og þroska barna. Þegar börn hafa öðlast mikla hæfileika til að ná hæðum í frjálsum leik eiga þau betur með að yfirfæra sköpun sína úr frjálsum leik í myndsköpun.

Vissulega fer það eftir aldri barna hversu langt úthald þau hafa í leik. Eftir því sem börnin eru yngri stoppa þau styttri við. Þá þarf leikskólakennarinn að vera fljótur til og auðvelda börnunum að skipta út efnivið til að breyta með það í huga að barnið nái að þróa leik sinn áfram. Eftir því sem börnin verða eldri bætist smátt og smátt við tímann. Leikskólakennarinn þarf að gera sér grein fyrir upphafi og endi leiksins, því verður hann að skerast í leikinn eftir þörfum hverju sinni og þróa hann áfram með börnunum.

Í næsta kafla er fjallað um hlutverk leikskólakennarans í leik barna og komið inn á mikilvæg viðhorf gagnvart leik.

2. Hlutverk leikskólakennara

Þáttur leikskólakennarans í þroskaferli barna er mikilsverður og honum er falið mikið ábyrgðarhlutverk. Afstaða og viðhorf leikskólakennarans hefur mest að segja um það hvort leikur fái yfirhöfuð pláss í uppeldisfræðinni innan leikskólans.⁶⁹

Hlutverk leikskólakennarans eru fjölmörg því ábyrgð og áhrif hans eru mikil og víð, þegar kemur að leik barna. Hann hefur mótandi áhrif á líf og hegðun barna ekki aðeins á líðandi stundu heldur um ókomna tíð.

Leik notar leikskólakennari sem námsleið fyrir börn. Hann þarf að geta gert sér grein fyrir upplifun barna í leik. Hann þarf að hafa hæfileika og þekkingu til þess að geta byggt ofan á fyrri reynslu þeirra í gegnum margbreytileg sjónarmið sem þau öðlast með mismunandi reynslu í gegnum leik.⁷⁰

Eitt af hlutverkum leikskólakennarans er að vera talsmaður og málsvari barna með tilliti til ýmissa erfiðra aðstæðna svo sem börn alast upp við í dag. Svo sem vegna fáfræði, menntunarskorts, efnahags og aðstöðuleysis foreldra. Leikskólakennarinn gæti verið ráðgjafi þessara foreldra með það að markmiði að uppfræða þau um mikilvægi leiksins í lífi barnsins.⁷¹

Leikskólakennara ber að gæta þess að leikur sé góð og ánægjuleg athöfn því aðeins með þeim hætti nær heilinn að þroskast á heilbrigðan og eðlilegan hátt. Slæmir leikir geta orsakað hægari þroska heilans og minnkað hæfni hans. Birtingarmyndir þess geta verið þroskafrávik hjá börnum, þau geta orðið dul, óörugg, taugaveikluð og hætt að taka þátt í leik með öðrum.⁷² Slæmir leikir eru til dæmis þegar börn beita ofbeldi í leikjum, eða verða fórnarlömb þess í gegnum leik, til dæmis sand- eða grjótkast, hrindingar, sem gæti endað með skaða. Andleg vanlíðan getur orsakast af því að börn hafa verið hrædd með of kröftugum eða ofbeldisfullum sögum. Aldrei á að ýta undir eða örva áhættusama leiki þar sem börn eru í hættu eða geta skaðast líkamlega eða andlega. Hættulegur leikur er þegar börn leika sér úti á umferðargötu eða þeim er leyft að vera eftirlitslaus við leik utan dyra.⁷³

Viðhorf leikskólakennarans fyrir tímanum sem hann ver í návist barna hefur mikið að segja fyrir þroska þeirra. Hann þarf að vera tilbúinn til þess að gefa þeim tíma og

⁶⁹ Welén, Therese. 2003:35

⁷⁰ Hoorn, Judith Van o.fl. 1993:49

⁷¹ Ginsburg, Kenneth R. 2007:186

⁷² Frost, L. Joe. o.fl. 2005: 66

⁷³ Scarlett, W. George. 2005:17

tækifæri og fara niður á gólf til þeirra og taka þátt í leiknum á þeirra forsendum. Hann verður að vera meðvitaður um markmið með frjálsum leik barna.⁷⁴

Leikskólakennarinn verður að skipuleggja umhverfið á þann veg að sérhvert barn öðlist aðstöðu til að afla sér þekkingar og vikka og dýpka fyrri reynslu.⁷⁵ Hann örvar leik barna með efnivið og hugmyndum og tekur þátt í leiknum á forsendum barnanna. Börnum er gefinn tími til að efla hugmyndaflug sitt í friði. Eitt af hlutverkum leikskólakennarans er að hjálpa börnum að þroska og þróa leik sinn með uppörvun, örvun eða ögun.⁷⁶

Bókin *Reclaiming caring in teaching and teacher education* fjallar um hlutverk leikskólakennara í nýju ljósi frá sjónarhorni umhyggjunnar og hvernig leikskólakennarar geta notað umhyggju í starfi. Umhyggja er miklu meira en fallett bros og faðmlag. Umhyggja er að hjálpa börnum til að skapa sér sterka sjálfsmynd og efla sjálföryggi þeirra til að geta tekist á við daglegt starf. Til að geta notað umhyggju á sem faglegastan hátt í kennslu barna á hún að vera fagleg og vel undirbúin. Hún er ekki tilviljunarkennd, heldur er hún lærð kennsluaðferð. Umhyggja örvar vitsmunalegan þroska barna á áhrifaríkan hátt hjá þeim.⁷⁷ Leikskólakennarar sem hafa tileinkað sér þessa tækni hafa náð vel til barna í gegnum leik þeirra. Margir leikskólakennarar telja hana vera forsendu menntunar.⁷⁸

Samkvæmt kenningu Dewey er hlutverk leikskólakennarans stórt í leik barna. Hann leggur til rými, orð og athafnir í leik þeirra. Leikskólakennarinn er þátttakandi í samskiptum við börn og er fyrirmynd þeirra. Hann er stjórnandi barna í vitsmunalegum og félagslegum efnum þeirra. Leikskólakennarinn býr yfir þekkingu og reynslu sem hann kemur með inn í leik barna.⁷⁹ Hann verður að geta séð hlutina frá mörgum sjónarhornum með tilliti til andlegs og líkamlegs atgervis og þroska barna. Hann þarf að viðurkenna fjölbreytileika barnahópsins og breytilegt viðhorf barna til leiks og hvernig hvert og eitt barn tengir sig við hann.⁸⁰ Oft þarf að ýta undir innri áhugahvöt barna með það að markmiði að þau vilji læra og séu tilbúin til að takast á við ýmsar erfiðar þrautir í leiknum. Með aðstoð geta þau tekið við stjórninni og haft frumkvæðið. Leikskólakennarinn gerir þetta með því að vera til staðar og vera tilbúinn til að örva

⁷⁴ Hoorn, Judith Van o.fl. 1993:49

⁷⁵ Aðalnámskrá leikskóla.1999:11-13

⁷⁶ Welén, Therese. 2003:36-37

⁷⁷ Goldstein, Lisa S. 2002:57

⁷⁸ Goldstein, Lisa S. 2002 :71

⁷⁹ Dewey, John. 2000:321

⁸⁰ Hoorn, Judith Van o.fl. 1993: 48

börnin. Þegar leikskólakennarinn er til staðar getur hann skráð niður það sem fram fer í leiknum og samskiptum barna. Hann skráir bæði niður það sem börnin segja og gera, hvort sem það er gott eða slæmt. Hann getur lesið úr skráningunum hvort einhver breyting hafi orðið á leik þeirra.⁸¹ Samkvæmt kenningu Mariu Montessori á leikskólakennarinn að gera athuganir á börnum með þann tilgang að þekkja þau og sjá hvar þau eru stödd í þroska til þess að geta leiðbeint þeim. Þetta er gert til þess að hjálpa börnum að hjálpa sér sjálfum. Börn þurfa tækifæri og tíma til að leysa viðfangsefni. Í þau skipti sem leikskólakennarinn skiptir sér af börnunum er ef þau eru farin að nota viðfangsefnið á annan hátt en upphaflega var ætlast til.⁸²

Nauðsynlegt er að foreldrar og leikskólakennari taki þátt í leik barna. Í gegnum hann mynda börn sterk tengsl við þau.⁸³ Loris Malaguzzi, ítalskur sálfræðingur og kennari, setti fram uppeldisstefnu fyrir leikskólana í borginni Reggio Emilia. Í leikskóla Reggio er lögð áhersla á samvinnu leikskólakennara og foreldra. Leikskólakennararnir fylgjast með börnunum og skrá hugmyndir þeirra. Malaguzzi sagði að uppeldisfræðilegar skráningar hjálpi leikskólakennaranum að sjá hvernig börnin læra en einnig hjálpi það þeim að skipuleggja vinnuna með börnin.⁸⁴ Með skráningu er átt við að skráð séu niður (eða á diktafón, myndband, video o.s.frv.) samtöl barna, sögur, atferli, hugleiðingar og vangaveltur. Uppeldisfræðileg skráning er ekki atferlisathugun heldur aðferð til gagnaöflunar.⁸⁵ Skráningarnar hjálpa leikskólakennaranum til að auka skilning sinn á þroska barna og einnig til að afla sér upplýsinga um hvernig þeir eru í starfi. Slíkar skráningar hjálpa leikskólakennaranum að sjá hvernig börn læra og hverju þarf að breyta í skólastarfinu. Skráningarnar gera skólastarfið sýnilegra og hvað það er sem fer fram innan veggja leikskólans, þær sýna foreldrum hvað börnin gera og hvernig þau læra.⁸⁶

Dewey taldi að leikskólakennarinn gæti séð margt í gegnum leik barna svo sem hugarástand þeirra og hvaða framförum þau hafa náð í þroska. Einnig hvort börnum líður vel eða illa og hvar áhugasvið þeirra liggur.⁸⁷ Leikskólakennarinn þarf að gæta þess að vera ekki með forræðishyggju þó hann sé með uppástungur og innlegg í leik barna. Leikskólakennari þarf að hafa þekkingu á þörfum, þroska og getu hvers einstaklings í hópnum til að allir fái notið sín í honum. Börnin eiga fyrst og síðast að vera í leik á eigin

⁸¹ Edwards, Carolyn o.fl. 1998:182-183

⁸² Montessori, Maria. 1912:107

⁸³ Frost, Joe L. o.fl. 2005: 66-67

⁸⁴ Edwards, Carolyn o.fl. 1998:120-121

⁸⁵ Hutchins, Teresa og Margret Sims. 1999:58-61

⁸⁶ Edwards, Carolyn o.fl. 1998:69-70

⁸⁷ Dewey John. 2000:323

forsendum. Dewey hélt því fram að leikskólakennarinn þyrfti að hafa áhuga á starfi sínu og að geta svarað spurningum barna, hann þurfi að geta tekist á við óvæntar uppákomur innan barnahópsins. Hann yrði að kunna að spyrja spurninga til að hreyfa við börnum með það að markmiði að þau nái lengra í leiknum. Leikskólakennarinn verður að vera fordómalaus og hafa hugann frjálstan til að geta leyft börnum að leika að hugarefnum þeirra og hjálpa þeim að vinna úr tilfinningum.⁸⁸

Leikskólakennarinn þarf að temja sér djúpa og virka hlustun til að geta áttað sig á því sem fram fer í leik og því sem börn segja. Djúp og virk hlustun á sér stað þegar leikskólakennari er meðvitaður um það sem börnin segja og gera. Steiner bendir á að kennarar verði að læra að hlusta með sálinni. Vissulega er ekki nóg fyrir leikskólakennarann að vera aðeins góður hlustandi heldur verður hann að geta haldið uppi vitsmunalegum samræðum við börnin í gegnum leik. Með því bæta þau við þekkingu sína.⁸⁹ Ef leikskólakennarinn aðstoðar börnin til þess að eiga vitsmunalegar samræður þeirra á milli er það skref til þess að hjálpa þeim að leysa úr ágreiningsmálum sínum sem upp geta komið í leik. Börnin læra að sýna hvert öðru virðingu og skilning í leik. Í leik með börnum er kennarinn félagi þeirra. Hann á aldrei að keppa við börn nema á jafnréttisgrundvelli.⁹⁰

Aftur á móti telur Vygotsky að leikskólakennarinn eigi að örva leik barna. Leikur örvar forvitni, sjálfstæði, ævintýraþrá og andlegan þroska. Leikur er leið barna til að læra hann er félagslegt ferli og félagslegt mótandi afl.⁹¹

Bruner bætti við kenningu Vygotskys og hélt því fram að leikskólakennarinn ætti að veita stuðning. Hann líkti námi og kennslu við byggingastarfsemi og sagði að börn ættu að hljóta stuðning þroskaðra barna eða leikskólakennara. Leikskólakennarinn aðstoðar með leiðbeiningum eða stuðningi og hvetur börnin til þess að kanna nýjar leiðir. Þegar börn hafa öðlast fullt vald á athöfn eða hugtaki er stuðningurinn ekki lengur nauðsynlegur.⁹²

⁸⁸ Dewey John. 2000:322-325

⁸⁹ Guðrún Alda Harðardóttir. 2001:51

⁹⁰ Edwards, Carolyn o.fl. 1998:181-182

⁹¹ Lindon, Jennie. 2001:31-32

⁹² Lindon, Jennie. 2001:32-33

Eins og fram hefur komið verður leikskólakennarinn að hafa þekkingu á ýmsum fræðum og kenningum til þess að geta haft áhrif á leik barna með það í huga hvernig hann ætlar sér að örva alla þroskaþætti barna. Leikskólakennarinn verður að vera meðvitaður um að leikur barna sé ein af bestu leiðum þeirra til náms. Í gegnum hann læra börnin á sem fjölbreytilegastan hátt. Ef gaman er hjá börnum eru meiri líkur til þess að þau séu þátttakendur í leik og starfi og bæta þar með við þekkingu sína. Það er hlutverk leikskólakennarans að sjá til þess að leikur fái góðan ef ekki stærsta tímann innan leikskólastarfsins.

Til að ofangreindir þættir geti átt sér stað verða leikskólakennarar að vera virkir í leik barna, þeir geta ekki leyft sér að vera hlutlausir áhorfendur. Sem dæmi má nefna börn sem eru í leik í holukubbum og leikskólakennarinn er að fylgist með og sér að börnin eru í vandræðum með að leysa vissar þrautir í leiknum Hann hefur þá tækifæri til að koma inn í leik barna og hjálpa þeim að finna lausnina. Best er að leikskólakennarinn fari niður á gólf til barnanna til að vera þátttakandi í leik þeirra. Með því sýnir hann í verki áhugann sinn á leik barna eins og Dewey fjallar um.⁹³ Vygotsky segir að leikskólakennarinn sé jafnframt vinnupallur barna í leik.⁹⁴

Í gegnum frjálsan leik barna hefur leikskólakennarinn ótal tækifæri til að örva alla þroskaþætti barna. Hann getur komið inn á fagurþroska með ábendingum um ýmsa hluti, sem verið er að nota í leik. Frjáls leikur barna gefur þeim tækifæri til að vera stjórnendur í leik þeirra og ráða ferðinni þó að leikskólakennarinn sé með í leiknum. Þegar leikskólakennarar fara inn í leik barna er þeim oft gefið ákveðið hlutverk frá hendi barnanna. Til dæmis fá þeir oft hlutverk sjúklingsins í hlutverkaleik. Þá eru það börnin, sem ráða og stýra leiknum. Ef leikskólakennarinn gefur börnum tíma, tækifæri og rými til leiks öðlast þau reynslu sem þau læra af og geta yrfært út í lífið. Svo leikur beri árangur og börn geti þroskast á sem eðlilegastan hátt þarf að búa börnunum hollt uppeldisumhverfi en það er eitt af aðalhlutverkum leikskólakennara.⁹⁵

Umhverfið á ekki síður stóran þátt í því að leikur barna getur átt sér stað. Malaguzzi er einn af mörgum hugmyndafræðingum sem hefur fjallað mikið um það. Guðrún Alda Harðardóttir hefur tekið það upp eftir honum og fjallar um það í bók sinni

⁹³ Dewey, John. 2003:322-325

⁹⁴ Lindon, Jennie.2001:32-33

⁹⁵ Lög um leikskóla. 1994

Í leikskóla lífsins. Þar skrifar hún um umhverfið sem þriðja kennarann. Er þá átt við umhverfið utan sem og innan dyra leikskólans.⁹⁶

Í næsta kafla verður fjallað um umhverfið leikskólans aðallega innan dyra leikskólans.

3. Umhverfið og áhrif þess

Vissulega hefur umhverfið áhrif á þroska barna, það á að hafa örvandi áhrif á þau en ekki letjandi. Leikskólakennarinn verður að hafa vissa þekkingu og hæfileika til að geta lesið úr umhverfinu, skapa það og aðlaga að barnahópnum hverju sinni. Ef þessir þættir ná saman eiga börn auðveldara með að bæta ofan á þekkingu sína í gegnum leik.⁹⁷ Í kafla verður komið inn á nokkur þeirra.

Í kenningum sínum um vitsmunafroski var Piaget upptekinn af því að rannsaka hvernig greindin gera okkur kleift að læra af reynsluni en einnig að aðlagast umhverfinu. Hann taldi að börn séu stöðug að leita að jafnvægi. Þau verða stöðug fyrir áreitum sem þau reyna að vinna úr og samlaga að fyrri þekkingu. Það er ekki fyrir en þau eru búin að samlaga fyrri þekkingu að nýrri þekkingu að það kemur á jafnvægi. Samlögum: Móta umhverfið svo þau þurfa ekki að aðlaga sig því. Heldur fella þau það að reynsluheimi sínu. Leikur er frjálst og ánægjulegt ferli, sem fram fer á huglægum foresendum barna. Hann vekur jákvæða tilfinningu um að hafa vald á líkama sínum, sjálfum sér og umhverfinu. Aðhæfing: Börn laga sig að umhverfinu með því að breyta sér. Reynsluheimur/hugsun barna breytist verður eftirlíking. Eftirlíking krefjist mikillar aðlögunar að hinum hlutlæga veruleika. Leikur og eftirlíking eru mikilvægir þættir.⁹⁸ Börn túlka raunveruleikann í samræmi við það þroskastig sem þau eru á. Þau leita örvunar, því börn eru virk í eðli sínu. Þau leita einnig samskipta við annað fólk. Börn hafa áhrif á umhverfi sitt og umhverfið hefur áhrif á þau.⁹⁹

Maria Montessori lagði í kenningum sínum áherslu á uppeldislegt og hagrætt umhverfi, að aðlaga umhverfið að þörfum barna til að þau geti verið frjáls og sjálfstæð. Frelsi barna felst í því að þau fái óáreitt að sýsla að sínu en þau verða að fara eftir þeim

⁹⁶ Guðrún Alda Harðardóttir. 2001:17

⁹⁷ Hoorn, Judith Van o.fl. 1993:49

⁹⁸ Piaget, Jean. 1955

⁹⁹ Scarlett, W. George. 2005:9

reglum sem gilda í skólastofunni, það er að ganga frá efninu sem þau nota. Skipulagið í umhverfinu er til þess ætlað að athafnaþráin endi ekki í óreiðu heldur öguðu starfi.¹⁰⁰

Dewey lagði mesta áherslu á að virkja athafnarþörf barnsins og vekja áhuga þess. Barnið á að læra af eigin reynslu og eigin virkni og áhuga. Persónuleg reynsla er forsenda þess að barnið öðlist skilning á umhverfi sínu.¹⁰¹

Samkvæmt Reggio hugmyndafræðinni er umhverfið „þriðji kennarinn“, þá er átt við að kennarinn sé einn kennari, barnið annar og umhverfið sá þriðji.¹⁰² Mikið er lagt upp úr sjálfstæði barna og að þau fái tækifæri til að rannsaka og vinna á sínum forsendum með aðstoð leikskólakennarans og umhverfisins.¹⁰³ Umhverfið á að endurspeglar samfélagið og þarf að vera sveigjanlegt svo auðvelt sé að breyta því. Það þarf að vera þægilegt og stuðla að vellíðan barna. Skipulag umhverfisins á að vera með þeim hætti að börnin geti lesið í það með því að nota öll sín skynfæri. Umhverfið á að virka hvetjandi á sköpunargáfu barna og samskipti þeirra við aðra einstaklinga í rýminu.¹⁰⁴

Í mörgum tilfellum krefst frjáls leikur mikillar hreyfingar. Hönnun leikskólans á að hafa þarfir barnanna í fyrirrúmi sérstaklega þegar kemur að frjálsum leik og því rými sem leikur þarfnast. Frjáls leikur örvar þátttakendur hans til aukins þroska þegar umhverfið hvetur þá til áframhaldandi leiks og gefur börnunum kost á að styrkja sig andlega og líkamlega og samhæfa hreyfingar.¹⁰⁵

Börn leika sér í mismunandi umhverfi og aðstæðum til dæmis í leikskólanum, á leikvöllum skóla, heima, inni eða úti, ein eða með öðrum.¹⁰⁶ Leikskólinn er stór þáttur í lífi barna. Reynsla þeirra af leikskóladvölinni hefur áhrif á framtíðarþroska þeirra. Þroski barna ræðst af þeirri reynslu sem þau öðlast og af samspili þeirra og umhverfi.¹⁰⁷ Í mörgum samfélögum eiga börn ekki kost á því að leika sér örugg utandyra við heimili sín nema undir öruggu eftirliti foreldra. Þetta á við um þau svæði þar sem miklar hættur geta leynst, líka þar sem mikið er um ofbeldi í samfélaginu.¹⁰⁸

¹⁰⁰ Montessori, Maria. 1912:80-85.

¹⁰¹ Myhre, Reydar. 2001:170-175

¹⁰² Edwards, Carolyn o.fl. 1998:177

¹⁰³ Essa, Eva. [án ártals]:134

¹⁰⁴ Essa, Eva. [án ártals]:134; 141-143

¹⁰⁵ Frost, Joe L. o.fl. 2005:124

¹⁰⁶ Welén, Therese. 2003:18

¹⁰⁷ Tudge, Jonathan. 1992:155-169

¹⁰⁸ Ginsburg, Kenneth R. 2007:185

Leikur er ein af námsleiðum barna og besta leið til aukins þroska og þekkingar. Leikurinn er lífstjáning og gleðigjafi þar sem börnin fá útrás fyrir tilfinningar sínar. Börn afla sér dýrmætrar upplifunar í leik, hann er eðlilegasta lífstjáning þeirra. Af leik sprettur ný þekking, nýjar tilfinningar, nýjar athafnir og færni. Í leik mótast sjálfsmynd barna og félagsþroski þeirra eflist. Leikur þarf að fá að mótast út frá forsendum og áhugasviði barna. Leikskólakennarar þurfa að vera tilbúnir að taka þátt og örva leik þeirra. Með því veitir leikskólakennarinn öryggi og getur vakið áhuga, svarað spurningum eða frætt börnin. Leitast þarf við að hafa nægan samfelldan tíma til leikja, vel skipulagt leikumhverfi, þroskavænleg leikföng og nægan og fjölbreyttan efnivið til skapandi starfa. Leikumhverfi má ekki vera of flókið og yfirgripsmikið. Til að örva skapandi hugsun barna þarf herbergið ekki að vera yfirhlaðið leikföngum heldur á að vera viss ögrun í umhverfinu svo börn geti reynt á sig bæði andlega og líkamlega. Börn þurfa ekki mikið af nýjum leikföngum, þau geta notað sama hlutinn á mismunandi máta. Þá afla þau sér reynslu af mismunandi efnivið. Með því þjálfa börn vitsmunapróska, athyglisgáfu, sköpun, hugsun, minni og einbeitingu.

4. Könnun

Könnunin var gerð til af fá fram viðhorf leikskólakennara á tveimur leikskólum. Hún var gerð vegna áhuga okkar á frjálsum leik barna sem þroska- og námsleið þeirra. Upplýsingar og svör leikskólakennaranna voru fengin með viðtölum við sex leikskólakennara í tveimur ólíkum leikskólum sem eru staðsettir í ólíkum byggðarlögum. Annar er á höfuðborgarsvæðinu en hinn er á landsbyggðinni.

Markmið

Meginmarkmið með könnunninni var að kanna hvort hlutverk frjáls leiks sé mismunandi eftir staðsetningu leikskólanna, landfræðilega, menningarlega og hugmyndafræðilega séð og hvaða vægi hann hefur innan þeirra. Við völdum þá leið að leita eftir viðhorfum og starfsháttum leikskólakennara á tveimur ólíkum leikskólum og leitað var eftir viðhorfi leikskólakennara til leiks barna.

Aðferð

Við gerð könnunarinnar var ákveðið að nota eigindlega aðferð til að öðlast dýpri skilning á viðhorfum og starfsháttum viðmælenda.

Eigindleg aðferð er heiti yfir fjölmargar og fjölbreyttar rannsóknaraðferðir.¹⁰⁹ Aðferðin er notuð til þess að öðlast dýpri skilning á viðfangsefninu. Þá skipta gæði eða dýpt upplýsinga meginmáli.¹¹⁰ Eigindleg aðferð er gagnasöfnun sem fengin er með viðtölum á vettvangi sem lesið er úr með tilliti til rannsóknarspurningarinnar hverju sinni.¹¹¹ Æskilegt er að fara á vettvang til að sjá og skynja andrúmsloftið sem er þar hverju sinni.¹¹² Nauðsynlegt er að fá fram fleiri en eitt sjónarhorn til að fá sýn fólks veruleikann og til að vita hver sýn þess er.¹¹³

„Eigindlegar aðferðir byggjast á upplifun einstaklinganna sem verið er að skoða”¹¹⁴. Er það gert til að reyna að skilja upplifanir þeirra af veruleikanum.¹¹⁵ Engir tveir upplifa það sama og fólk skynjar veruleikann á ólíkan hátt..¹¹⁶

¹⁰⁹ Björn Bergsson. 2002:40

¹¹⁰ Sigurlína Davíðsdóttir. 2003:220

¹¹¹ Sigurlína Davíðsdóttir. 2008:109

¹¹² Sigurlína Davíðsdóttir. 2008:108-109

¹¹³ Sigurlína Davíðsdóttir. 2008:109

¹¹⁴ Sigurlína Davíðsdóttir. 2003:222

¹¹⁵ Sigurlína Davíðsdóttir. 2003:220

¹¹⁶ Björn Bergsson. 2002:40

Aðferðin hentaði okkur vel vegna þess að við fórum á vettvag og gátum skynjað það andrúmsloft sem þar var.¹¹⁷ Spurningalist var send með góð fyrirvara um hann verður fjallað í kaflanum *Spurningalisti* hér að neðan. Við höfðum tækifæri til að bæta við spurningum ef með þyrfti til að fá sýn fólks á veruleikann.¹¹⁸

Helstu atriðin sem horft er eftir eru úrtakið, sem er lítið, ólík menning, mjúk gögn, innra sjónarhorn, eigin orð fólks á staðnum og sveigjanleiki.¹¹⁹

Framkvæmd

Notast var við rýnihópa, eða hópviðtöl, sem er „eigindleg rannsóknaraðferð sem notuð er til að öðlast betri skilning á viðhorfum og reynslu tiltekins hóps fólks á ákveðnu viðfangsefni rannsókna“.¹²⁰ Byrjað var á því að senda viðmælendum spurningarnar í tölvupósti viku fyrir stefnumót okkar við þá. Í rýnihópinum voru valdir nokkrir einstaklingar sem eiga það sameiginlegt að vera leikskólakennarar.¹²¹

Hugsunin var sú að með því að senda spurningalista á undan gæfi það leikskólakennurum tækifæri til að undirbúa sig fyrir viðtalið. Þetta gaf þeim einnig tækifæri til að ræða spurningarnar sín á milli áður en að viðtalinu kom. Viðtölin voru tekin á hvorum leikskóla fyrir sig. Viðtölin gengnu vel fyrir sig. Að vísu fóru viðmælendur á landsbyggðinni svolítið út um víðan völl en einn úr hópnum reyndi að koma hópnum aftur inn í spurningaferlið. Það viðtalið var 40 mínútur að lengd en viðtalið á höfuðborgarsvæðinu var ein klukkustund vegna mikillar truflunar.

Viðtalið á höfuðborgarsvæðinu var tekið í febrúar 2008. Það fór fram í kaffistofu starfsfólksins. Á landsbyggðinni var viðtalið tekið í mars 2008. Það fór fram í listasmiðju þar sem mest næði var.

Spurningalisti

Notaður var fyrirfram ákveðinn spurningarammi. Hann var opinn til að gefa okkur tækifæri á því að bæta við spurningum ef til þess þyrfti að koma á meðan á viðtalinu stóð.¹²² Farið var á vettvang til að gefa okkur möguleika á því að útskýra spurningarnar betur ef með þyrfti. Er þetta í samræmi við það sem Sigurlína Davíðsdóttir heldur fram,

¹¹⁷ Sigurlína Davíðsdóttir. 2008:108-109

¹¹⁸ Sigurlína Davíðsdóttir. 2008:109

¹¹⁹ Sigurlína Davíðsdóttir. 2003: 220-221

¹²⁰ Sóley S. Bender. 2003:85

¹²¹ Sóley S. Bender. 2003:85

¹²² Sigurlína Davíðsdóttir. 2003:227

að viðmælendurnir skilji ekki alltaf spurningarnar. Því er gott fyrir spyrjandann að vera á staðnum til að hann geti fylgt spurningunni eftir og til að tryggja betri svörun við ýmsum þáttum. Með þessu var verið að leita eftir bestu upplýsingum frá viðmælendum og viðhorfi þeirra.¹²³ Við, sem spyrjendur notuðum einnig þá tækni að hvetja viðmælendur okkar áfram, hún var þessi; aha, athyglisvert, útskýrðu þetta nánar, af hverju segir þú það?¹²⁴

Viðtölin

Ákveðið var að taka viðtöl við sex leikskólakennara í tveimur ólíkum leikskólum, annars vegar á höfuðborgarsvæðinu og hins vegar á landsbyggðinni. Tilgangurinn með þýðinu var að fá leikskóla í tveimur landshlutum til að sjá hvort viðhorf leikskólakennara á þeim væru ólík. Önnur ástæða liggur einnig að baki vali okkar á leikskólum, hún er sú að í leikskólanum á höfuðborgarsvæðinu er notaður eingöngu opinn efniviður, þ.e. einingakubbar, holukubbar, föt, þar eru engir bílar, púslur eða önnur leikföng. Leikskólinn á landsbyggðinni er bæði með leikföng og opinn efnivið.

Viðtölin voru tekin upp á MP3 spilara með leyfi viðmælanda. Leyfi fyrir viðtölin voru fengin með símtali. Viðmælendum var sendur spurningalisti með góðum fyrirvara svo þeir gætu undirbúið sig fyrir viðtalið. Viðtölin eru skrifuð orðrétt upp og unninn úr þeim samfelldur texti með tilvitnun í viðmælendur. Öllum nöfnum þátttakenda og leikskólanna hefur verið breytt með tilliti til persónuverndar. Frumgögnum var eytt að úrvinnslu lokinni.

Leikskólinn á höfuðborgarsvæðinu er kallaður *Engi*, en sá sem er á landsbyggðinni er kallaður *Þúfa*. Leikskólakennararnir störfuðu á yngstu deildinni, næst yngstu deildinni og á elstu deildinni. Tilgangur vals leikskólakennaranna eftir deildum var að sjá hvort einhver breytileiki er á leik barna eftir aldri.

Engi er fjögurra deilda leikskóli. Í miðjum leikskólanum er stór salur, úr honum er gengið inn á allar deildir. Salurinn tengir samn deildirnar sem eru hver á móti annarri eða hlið við hlið. Leikskólinn er nokkurra ára gamall. Leikskólinn byggir á kenningum Johns Deweys, einnig er unnið í samræmi við kenningar Vygotskys um *svæði hins mögulega þroska*. Leikskólakennararnir þrír sem rætt var við fengu nöfnin Ólöf, sem vinnur á deild með 1-2 ára börnum, Villa, sem vinnur með 2-4 ára börnum og Hanna, sem vinnur með 4-6 ára börnum.

¹²³ Sigurlína Davíðsdóttir. 2008:108

¹²⁴ Sigurlína Davíðsdóttir. 2008:109

Leikskólinn *Þúfu* er nokkurra tugi ára gamall en það var byggt við hann árið 2006. Eldra húsnæði var þá endurbyggt og byggðar voru tvær deildir. Í dag er hann fjögurra deilda leikskóli. Leikskólinn skiptist í tvö hús með sameiginlegum inngangi, það er langur gangur sem tengir húsnæðið og deildirnar saman. Leikskólinn byggir á fjölgreindakenningu Howards Gardners. Viðmælendur á leikskólanum *Þúfu* verða kallaðir: Ómar, sem vinnur með 10-18 mánaða börn, Elín, sem vinnur með 2-3 ára börn og Jóna, sem vinnur með 3-4 ára börn.

5. Niðurstöður

Við úrvinnslu völdum við að flokka niðurstöður í eftirfarandi þætti: spurningar sem tengjast leik og hlutverki leikskólakennarans, umhverfinu og að lokum óskaleikskóla leikskólakennaranna.

Leikur

Undir þessum þætti var spurt eftirfarandi:

Hvert er viðhorf ykkar til frjáls leiks barna?

Hvernig teljið þið að frjáls leikur barna hafi áhrif á þroska þeirra?

Að hvaða leyti hefur frjáls leikur barna breyst í gegnum árin?

Á leikskólanum Engi voru allir leikskólakennararnir sammála um mikilvægi frjáls leiks barna í þroskaferli þeirra. Þeir segja að frjálsir og skipulagðir leikir séu ólíkir fyrir margra hluta sakir. Í frjálsum leik eru það börnin sem ráða ferðinni. Hann er ekki fyrirfram ákveðinn af leikskólakennaranum. Leikskólakennararnir telja að í frjálsum leik prófi börn sig áfram og fái tækifæri til að finna lausnir og gera mistök. Í frjálsum leik örvast og þroskast flestir þroskaþættir barna, þau eru í samskiptum við önnur börn og það örvar félagsþroska þeirra. Einingakubbarnir voru gefnir sem dæmi þar sem börn læra rök og stærðfræðihugtök. Holukubbarnir styrkja vöðva og æfa grófhreyfingu barna á meðan þau byggja úr þeim, því eins og leikskólakennararnir sögðu eru kubbararnir mjög stórir. Börnin fá tækifæri til að leysa verkefnið upp á eigin spýtur og leikskólakennararnir telja börnin geta skapðað heilu ævintýrin, sem kemur inn á vitmunuþroskann.

Hanna sagði:

Mér finnst frjáls leikur skipta miklu máli fyrir þroska barna. Leikur þarf að innihalda vissa þætti og tilgang í lífi barna. Hann er þroskaferli sem börn fara í gegnum til þess að læra af því að uppgötva hlutina og lífið á eigin forsendum.

Hópurinn var sammála um að leikur sé samspil og samskiptaleið barna. Í frjálsum leik hafa börn tækifæri til að vera þau sjálf, þar sem þeim er ekki stýrt né haft er áhrif á leikinn. Í honum læra börn samskipti þeirra á milli. Þau læra að lesa úr svipbrigðum og háttarlagi hvers annars.

Gefum Villu orðið:

Barnið lærir að uppgötva hlutina í gegnum leik sinn, það skiptir miklu máli að það fái að þróa leik sinn áfram og uppgötva í gegnum hann. Þau læra heilmikið með því að fylgjast með hvort öðru.

Hanna bætir við:

Það lærir í gegnum leik, það lærir samskipti við aðra, það lærir þær reglur sem eru í lífinu og að bera virðingu. Frjálsi leikurinn skiptir öllu máli, þau geta lært svo mikið í gegnum hann.

Ólöf tekur undir með þeim og segir:

Já hann er náttúrulega númer 1,2, og 3. Því þau læra allt í gegnum hann. Það skiptir auðvitað máli að börnin séu þau sjálf og þeim sé ekki stýrt.

Frjáls leikur gefur börnum tækifæri til að vinna úr eigin reynslu og upplifun hvort sem hún er góð eða slæm. Leikur barna á að vera ánægjuleg stund fyrir þau. Vissulega kemur fyrir að börn eru ekki alltaf reiðubúin að taka þátt í leiknum en leikskólakennararnir telja það vera í góðu lagi, svo framarlega sem það hái þeim ekki allan daginn eða dag eftir dag.

Á leikskólanum *Þúfu* segir starfsfólkið viðhorf til leiksins hafa breyst í áranna rás en vissulega er hann nauðsynlegur fyrir börnin. Hér áður fyrr voru börnin allan daginn í leik, þá var deginum ekki skipt upp í einstök verkefni eins og gert er í dag. Á þeim tíma var ekki hópastarf á leikskólanum, aðeins val. Gefum Jónu orðið:

Gefum Jónu orðið:

Þegar ég byrjaði fyrir tuttugu árum að vinna á leikskóla voru deildarnar allar saman. Þá var ekki verið að skipta börnunum upp í litla hópa með einum kennara. Þá voru allir saman, öll deildin hún var ein heild. Þetta hefur breyst, nú leika börnin sér ekki eins og áður.

Undir þetta tekur Ómar og bætir við:

Er það ekki eins með frjálsa leikinn, er tíminn ekki of stuttur yfir daginn fyrir hann. Þjóðfélagið hefur breyst svo mikið, nú eru allir mataðir og framboðið er orðið mun meira en áður.

Allir viðmælendurnir á leikskólanum *Þúfu* voru sammála um að þegar mötunin væri orðin svona mikil í þjóðfélaginu, gæti það haft áhrif á hugmyndaflug barna. Þetta endurspeglast í leik þeirra, sum eiga erfðara með en aðrir að skapa sér leik við ýmsar aðstæður. Á meðan önnur hafa gott og fjörugt ímyndunarafl og geta auðveldlega komist inn í leik.

Hvernig hefur tímalengdin áhrif á leik barna?

Leikskólakennararnir bæði á *Engi* og *Þúfu* voru sammála um að aldur barna skiptir máli í leik þeirra. Að yngri börnin hafa mun minna úthald og einbeitingu í leik en þau sem eldri eru. Á *Engi* sögðu leikskólakennararnir að hámarks tími hjá yngstu börnunum sé um það bil fimm til tíu mínútur. Eldri börnin geta náð góðu flugi í leik allt að einni og hálfri klukkustund. Leikskólakennararnir á *Þúfu* sögðu að hámarkstími yngstu barnanna væri um tuttugu mínútur en eldri barnanna í fjörutíu og fimm mínútur. Eftir það yrðu aðeins hlaup og læti.

Allir leikskólakennararnir tóku undir það að samskipti yngri barnanna gangi betur ef þeim er skipt upp í fámennari hópa. Þá yrðu árekstrarnir færri á milli þeirra. Það hefur ekki eins mikil áhrif á eldri börnin því samskiptin eru þróaðri en hjá þeim yngri þar sem þau eru ótalandi.

Leikskólakennararnir á *Þúfu* bættu við að ekki sé um leik að ræða til tveggja ára því börnin eiga erfitt með að velja í hvaða leik þau eiga eða ætla að leika sér í eða með hvaða leikfang. Þau eru fljót að missa áhugann, henda dótinu eða lemja hvert annað. Börnum gengur betur þegar leikskólakennarinn er með þeim, til dæmis að byggja með kubbum.

Þegar rætt var um dagskipulag leikskólanna voru ólíkar skoðanir og viðhorf á milli leikskólanna tveggja. Á leikskólanum *Engi* er dagskipulagið byggt upp í kringum frjálstan leik barna. Hann er leiðandi í starfinu. Skipulagið á ekki að stjórna af klukkunni, kaffi- og matartímum starfsfólksins, enda var kaffitímum starfsfólks breytt með tilliti til leiksins. Þeir eru teknir á meðan börnin snæða hádegismat og eru í hvíld. Stundaskráin yfir daginn er til viðmiðunar fyrir starfsfólk, hún ræður ekki ríkjum. Þó að skipulagið segi að nú sé komið að útivist fer það alveg eftir því hvar börnin eru stödd í leiknum.

Gefum Villu orðið:

Börnin eru kannski ný byrjuð eða dottin inn í eitthvert hlutverk þegar þau þurfa að fara að ganga frá. Þá ná þau aldrei að þróa leikinn áfram á næsta þrep frá síðasta leik. Ef þau eru á miklu flugi og í góðum leik er útivistinni hreinlega sleppt í það skiptið.

Börnunum er alltaf gefinn tími til þess að ljúka leiknum, þau eru látin vita með vissum fyrirvara hvað það eru margar mínútur sem þau hafa til að klára leikinn. Starfsfólkið er fyrir börnin en ekki börnin fyrir starfsfólkið.

Þessu er ólíkt farið á leikskólanum *Þúfu*. Þar er það skipulagið og klukkan sem ráða ríkjum. Starfinu er skipt í skipulagðar stundir yfir daginn. Þær eru hópastarf, val, ávaxtatími, nónhressing, hvíld og útivist. Þegar komið er að útivist er leikurinn brotinn upp, þó er reynt að taka fyrst börnin sem eru ekki í fullum leik. Elín, Ómar og Jóna eru öll sammála um að skipulagið sé of stíft hjá þeim. Hjá elstu börnunum er lögð áhersla á skólastarf þar sem þau vinna námsefni sem tengist grunnskólanum. Þó ekki sé lögð mikil áhersla á frjálsan leik í leikskólanum *Þúfu*, þá er hann vissulega fyrir hendi því hann er nauðsynlegur fyrir börnin.

Eða eins og Jóna orðar það:

Leikur er nauðsynlegur fyrir börnin, sérstaklega þegar þau eru í einhverri krísu. Ef það hefur eitthvað komið upp á í fjölskyldunni þá er leikurinn notaður til að vinna úr því.

Á leikskólanum *Engi* er líka unnið að einhverju leyti með skipulagðan leik barna, þar sem leikskólakennarinn ræður töluverðu.

Hanna kom inn á það og sagði:

Skipulagður leikur er með eitt markmið og að því er stefnt. En vissulega fá börnin tækifæri til þess að fara ólíkar leiðir að markmiðinu undir handleiðslu okkar.

Ólöf bætti við og sagði:

Þetta á líka við um yngstu börnin en til þess að ná markmiðinu er unnið markvisst með könnunarleikinn. Þá er fylgst með því hvernig börnin nota efniviðinn á ólíkan hátt.

Hlutverk leikskólakennara

Spurt var um eftirfarandi:

Hvert er hlutverk leikskólakennarans í frjálsum leik barna?

Hvernig getur leikskólakennari viðhaldið eða komið inn í leik barna?

Leikskólakennararnir á *Engi* sögðu leikskólakennara eiga að hafa vakandi auga fyrir því sem er að gerast í leiknum hverju sinni og að hann þurfi að kunna að spyrja spurninga til að hjálpa börnunum að þróa leikinn áfram.

Hanna segir:

Börnin geta verið misupplögð til þess að geta tekið þátt í leiknum, þau geta verið þreytt og pirruð. Ef þau eru það er það í góðu lagi að barnið fái að draga sig út úr leiknum til dæmis að slaka á í þúðum góða stund. Það er eitt af hlutverkum okkar að sjá til þess að hvert barn fær að ráða sinni ferð.

Leikskólakennarinn verður að vera til staðar til að fylgjast með framvindu leiksins. Hann verður að gefa börnunum tækifæri til að leysa úr ágreiningsmálum sínum sjálf. Hann getur það ekki ef hann er fjarverandi.

Hanna segir:

Ef leikskólakennarinn er ekki til staðar og það kemur eitthvað upp á í barnahópnum, veit hann ekki hvað hefur gengið á áður. Hættan er sú að hann komi inn með látum til að stilla til friðar. En veit ekki hvað liggur á bak við ósættið og á þá erfiðara með að leyfa börnunum að leysa úr ágreiningsmálum sínum.

Hópurinn á *Engi* telur leikskólakennarann ekki eiga að taka stjórnina í leik barna. Hann á að vera þátttakandi í leiknum á forsendum barnanna. Ef hann gerir það er honum oftast gefið ákveðið hlutverk í leiknum svo sem sjúkling, þá eru það börnin sem ráða ferðinni og stýra leiknum.

Önnur skoðun kemur fram á leikskólanum *Þúfu*. Leikskólakennararnir þar segjast gera sér fulla grein fyrir því að þegar þeir taki þátt í leik barna taki þeir oft að sér hlutverk stjórnandans í leiknum. Þeir tóku undir það að leikskólakennarinn eigi að vera til staðar og að hann á aðeins að koma inn í leik barna á þeirra forsendum. Hann á ekki að taka yfir stjórnina í leik þeirra.

Ómar segir

Það þarf að passa upp á það að við tökum ekki frumkvæðið og stjórnina með því að segja: „Nei þú átt ekki að gera þetta svona, þú þarft að gera þetta“.

Jóna tekur undir þetta og segir:

Ef börnunum er alltaf stjórnað verða þau passív og við verðum að leyfa þeim að leysa deilur sjálf, eða ég legg áherslu á það á minni deild.

Á *Engi* sögðu leikskólakennararnir að ef mikið er gert af því að stöðva leik barna verða þau pirruð og örg. Það getur leitt til þess að þau eiga ekki eins gott með að einbeita sér að öðrum verkefnum. Það er undir leikskólakennaranum komið hversu langan tíma börnin fá í leik sínum og hvaða rými þau hafa fyrir hann. Jafnframt er alltaf verið að endurskoða skipulagið með það fyrir augum að leikur barna njóti sín. Nýjustu breytingarnar eru þær að búið er að mynda flæði milli næstelstu deildarinnar og þeirrar elstu. Þetta er gert með það að markmiði að yngri börnin læri af þeim eldri. Eldri börnin fá vissa ábyrgð sem þeim finnst spennandi að standa undir. Þetta bætir samskipti þeirra á milli. Leikskólakennararnir sögðu þetta vera byggt á kenningum Vygotskys. Með þessu fyrirkomulagi kynnast börnin allri leikskólabyggingunni.

Þó á *Engi* sé ekki unnið á sama hátt og í hefðbundnum leikskólum gera aðrir leikskólar ekkert verri hluti en það sem er gert hér.

Gefum Ólöfu orðið:

Við megum ekki skíta út það sem aðrir eru að gera, þó við séum að gera þetta hér með þessum hætti. Þá er það ekki rangt það sem aðrir eru að gera. Fjölbreytnin verður að fá að njóta sín.

Leikskólakennurunum finnst efnishyggið vera ráðandi í samfélaginu, alls staðar í samfélaginu má sjá þá þróun að kaupa það allra nýjasta í stað þess að gefa því gamla nýtt hlutverk og nýtt líf. Þess vegna er nauðsynlegt að til sé leikskóli eins og *Engi* þar sem börnin sjá og upplifa að það er hægt að endurnýta mjög marga ef ekki alla hluti.

Umhverfið

Spurt var:

Hefur umhverfið áhrif á leik barna?

Hefur efniviðurinn áhrif á leik barna?

Leikskólakennarar beggja leikskólanna voru sammála um að umhverfið hafi mikil áhrif á leik barna. Þýðingarmest í því samhengi er gólfrymið sem er í boði og ekki er nóg af því innan veggja leikskólans.

Leikskólinn *Engi* endurskoðaði nýtinguna á húsinu hjá sér með tilliti til leiksins. Það sem mest var horft til var salurinn. Salurinn, sem er fyrir framan allar deildirnar, var aðallega notaður fyrir sameiginlega viðburði í leikskólanum en hann fékk nýtt hlutverk. Ákveðið var að setja öll borð af deildum fram í salinn, með því var hann gerður að matsal. Hver deild hélt einu borði inni á sinni deild. Þetta fyrirkomulag gjörbreytti aðstöðu barna á deildunum. Fyrir vikið fengu þau mun meira gólfpláss og rými til leikja. Borðin í salnum eru notuð til að matast við og einnig fyrir ýmsa leiki barna þess á milli. Börnin nota þau fyrir hús, báta eða föndra við þau. Salurinn er enn notaður fyrir ýmsar samkomur leikskólans, þá er borðunum ýtt til hliðar. Eftir þessa breytingu hefur leikur barna breyst töluvert.

Gefum Hönnu orðið:

Börnin eru duglegri við að tengja saman það rými sem er inni á deildinni. Þau hólfa það líka niður eftir sínu höfði og nota þá til þess holukubbanda sem þau höfðu ekki eins mikið tækifæri til áður vegna þrengsla.

Leikskólakennararnir á *Engi* nota alla króka og kima til leiks fyrir börnin, jafnvel gangana sem eru með hluta af einingakubbum og holukubbum til leikja. Tekið var fram að efniviðurinn skiptir töluverðu máli í leik til að viðhalda honum, er það gert með því að skipta út eða bæta við. Börnin nota oft efniviðinn á allt annan hátt en til var ætlast, enda er það tilgangurinn með opnum efnivið. Að sjá hversu frjó börnin eru og hversu misjafna sýn þau hafa á efniviðnum. Sem dæmi, getur eitt barn séð hús út úr kornflexpakka, annað bíl, eða kórónu og það þriðja blað til að mála á. Þetta er helsti munurinn á því að bjóða aðeins upp á opinn efnivið í staðinn fyrir bíla, púslur og brúður sem gefa ekki aðra möguleika en til er ætlast.

Yngstu börnunum á *Engi* er skipt í hópa eins oft og mögulegt er til að minnka árekstra á milli þeirra.

Eins og Ólöf segir

Við höfum tvær stofur og ganginn, við skiptum börnunum niður á þessi svæði. Það hefur gengið ágætlega svo framarlega að við séum á staðnum.

Á Þúfu er aðallega notast við opinn efnivið á elstu deildunum en á yngri deildunum eru hefðbundin leikföng, svo sem boltar, bílar og bangsar. Reynt er að gæta hófs í framboði leikfanganna því þau geta allt eins haft truflandi áhrif á leik barna.

Gefum Elínu orðið:

Stundum gengur okkur erfiðlega að fá hugmyndir fyrir börnin. Ef það eru margir innidagar og við erum oft að skipta um leik, þá vantar okkur hugmyndir, eða alla vega mig.

Leikskólakennararnir á leikskólanum *Þúfu* segja að rými hefti ósjálfrátt leik barna. Þó þau reyni vissulega að nota það eins vel og kostur er. Ef eitt eða fleiri börn langar að teikna en annað langar í leik er ekkert mál að útbúa smá skot fyrir það. Ekki er tækifæri til að útbúa stærri svæði vegna þrengsla.

Sjáum hvað Elín segir um rýmið:

Stofurnar eru bara tvær og erfitt er að skipta þeim. En við erum með hillur á hjólum sem við getum dregið frá veggnum og haft smá leiksvæði fyrir tvö eða þrjú börn í einu.

Á yngstudeildinni er mjög erfitt að skipta börnunum niður á svæði innan þessara tveggja stofa. „Því þau eru svo mikið á ferðinni“, segir Ómar.

Ef þið ættu val um að byggja upp óskaleikskólann ykkar, hvaða áherslur mynduð þið hafa varðandi leik barna?

Viðmælendur á báðum leikskólunum voru sammála um að rýmið ætti að vera nóg.

Leikskólakennararnir á *Engi* voru á einni skoðun um óskaleikskóla. Deildirnar ættu að vera stórar með mörgum smærri rýmum þar sem hægt væri að skipta börnunum niður í hópa. Rýmið ætti að vera með þeim hætti að leikskólakennarinn hefði yfirsýn yfir nokkur rými í einu. Eingöngu ætti að bjóða upp á opinn efnivið. Börnin eiga að geta

gengið að efniviðnum sjálf. Þegar kæmi að lóðinni yrði hún að vera fjölbreytt og bjóða upp á ýmsa möguleika. Á henni ættu að vera plöntur, grjót, steinar, gras, mold og stétt. Með þessu er hugsað út frá útikennslu fyrir börn.

Rými og aftur meira rými voru einnig óskir leikskólakennaranna á leikskólanum
Þúfu. Ómar sagði:

Gera ætti ráð fyrir dýnum svo hægt væri að gera svæðin notalegri þar sem börnin væru að leika sér.

6. Umræða

Í gegnum tíðina hafa rannsakendur skoðað leikinn og gildi hans fyrir þroska barna. Kenningarnar um leik barna eru vissulega margar og við getum aðeins dæmt um það hver er réttust og gagnlegust fyrir okkur út frá okkar persónuleika, áhugasviði og reynslu.

Í leikskólanum *Engi* er frjáls leikur barna sem er í fyrirrúmi. Skipulagið er byggt upp í kringum hann og jafnvel kaffítími starfsmanna. Aftur á móti er farið eftir klukkunni í leikskólanum *Þúfu* og þar er lögð áhersla á kennslu. Við veltum því fyrir okkur hvort rétt sé að færa kennsluna úr grunnskóla niður í leikskóla? Aristoteles var að benda á því að fyrstu fimm ár barna á allt uppeldi að vera fylgið í frjálsum leik. Fyrstu tvö ár barna í skólagöngu (fimm til sjö ára aldur) eiga börn að fylgjast með og læra af eldri börnum, allt sem áður var nefnt gildir einnig.¹²⁵

Í viðtölunum kom skýrt fram að leikskólakennararnir viðurkenna gildi leiksins til alhliða þroska barna. Leikskólakennararnir á *Þúfu* komu ekki inn á þroskaþætti sem eflast hjá börnum í leik nema þegar talað var um útvistina. Þá sögðu þeir útileiki örva grófhreyfingar barnanna. Í leikskólanum *Engi* gera leikskólakennararnir sér grein fyrir því hvernig hver þroskaþáttur eflist í frjálsum leik og í samskiptum barna, svo sem hreyfi-, vitsmuna-, félags- og málþroski. Af þeirri ástæðu er tekið tillit til leiks barna og þeim gefinn nægur tími til leikja svo þau geti þroskast í gegnum hann og á sem eðlilegastan hátt. Þetta samrýmist fjölgreindakenningu Gardners þar sem hann hélt því fram að börn geti þróað hverja greind á nokkurn hátt miðað við getustig. Því er mikilvægt að gefa börnum tækifæri til fjölbreyttra leikja og verkefna hverju sinni.¹²⁶

Það kom fram að leikskólakennararnir bæði á *Engi* og *Þúfu*, sjá mun á leik barna eftir aldri þeirra. Leikskólakennararnir í *Engi* segja að fimm til tíu mínútur séu nóg fyrir börn sem eru rúmlega eins árs gömul og þeim gangi betur ef þeim er skipt í litla hópa. Það fækkar árekstrum á milli þeirra. Leikur hjá eldri börnin fer eftir áhuga þeirra og þau eru fær um að leika sér allt að eina og hálfu klukkustund í einu. Þetta er í samræmi við kenningu Dewey. Hann taldi að börn læri best í gegnum leik af eigin reynslu, eigin virkni og eigin áhuga.¹²⁷

Leikskólakennararnir í *Þúfu* telja að ekki sé um leik að ræða til tveggja ára aldurs. Þar sem sum börnin eru ótalandi og eru frekar upptekin af að leika sér með leikföng sem

¹²⁵ Ólafur Jens Pétursson. 1989:60

¹²⁶ Armstrong, Thomas. 2001:14-15, 20-22

¹²⁷ Myhre, Reydar. 2001:170-175

Þau missa fljótt áhuga á. Þeim gengur mun betur að leika sér ef kennarinn tekur þátt í leik þeirra, til dæmis byggingaleik. Þetta má tengja við kenningu Vygotskys. Hann hélt því fram að ekki sé um leik að ræða til þriggja ára aldurs. Börnin eru upptekin af leikfanginu sem þau leika sér með. Þetta tímabil kallar hann „handfjöllun“.¹²⁸ Nauðsynleg er að gera sér grein fyrir hæfni barna og eins ung börn eru, verður leikskólakennarinn að skipta oft um eða bæta við efni svo áhugi barna haldist. Hér er átt við hversu mikinn áhuga þau hafa á því sem hefur verið skipulag, hversu einbeit og virk þau eru. Börnin verða að upplifa að í leikskólanum er gaman og vitneskja og lærdómur komi oft með því að þau prófi og ekki síst leiki sér. Þau læra betur það sem þeim finnst skemmtilegt og áhugavert.

Eldri börnunum á *Þúfu* gengur betur í leik því samskipti eru mun meiri en vegna mikillar skipulagningar ná börnin ekki að þróa leik sinn. Okkur finnst ekki vera tekið tillit til áhuga barnanna í leikskólanum *Þúfu*. Ekki er tekið tillit til þess að börnin eru í leik. Skipulagið á að halda og þau eiga að fara út þegar komið er að útivist. Við veltum fyrir okkur hvaða áhrif þetta hefur á börnin. Vitað er að leikur er nám barna og athygli barna verður stöðugri eftir því sem vitsmunafroski þeirra eykst. Ef foreldrar og leikskólakennarar trufla börn, sem eru niðursokkin í leik eða starf, getur það alið á skapgerðargöllum hjá þeim. Samkvæmt túlkun líffræðingsins Jean Piagets fylgir þroski heilans ákveðnum lögmálum. Vissir hlutir virðast gerast í ákveðinni röð. Viðbrögð barna verða fjölbreytilegri eftir fjölda hluta og aðstæðna sem þau þurfa að bregðast við. Þar með eykst greindarþroskinn. Hraði greindarþroska virðist vera afleiðing af því hversu fjölbreytilega örvun einstaklingar hafa fengið strax frá fæðingu.¹²⁹ Erikson taldi að tilgangur leiksins væri sá að börn sköpuðu sér aðstæður í leik þar sem þau ná valdi á sjálfu sér og umhverfinu. Hann taldi að börn hefðu þörf fyrir hrós og viðurkenningu á eigin hæfni. Á þann hátt styrktist sjálfsvitund og tilfinning þeirra fyrir því að tilheyra hópnum eða umhverfinu, sem er mikilvægt í þróun sjálfsmyndar.¹³⁰ Oft bera leikir barna heildarblæ og störf þeirra stefna að ákveðnu marki. Við teljum áriðandi að börn fái að loka fyrir áætlun sína áður en þau eru kölluð til annars. Ef börn venjast á það að ljúka ekki leikjum sínum, eru ekki líkur til að þau síðar sem fullorðnar manneskjur, ljúki ávallt skyldustörfum sínum. Mögulega er þetta undirstaða og ástæða þess að til eru börn sem eiga sér engin áhugamál og geta ekki beint athygli sinni að ákveðnu viðfangsefni. Þetta kom fram hjá leikskólakennurunum á *Þúfu*, þeir töldu sum börn ekki vera með vel

¹²⁸ Vygotsky, Lev. 1933

¹²⁹ Frost, L. Joe. o.fl. 2005:59

¹³⁰ Frost, L. Joe. o.fl. 2005:33

þroskað hugmyndaflug. Við teljum að þetta gæti farið eftir fyrri reynslu, áhuga eða þreytu. Hvert barn er nefnilega einstaklingur sem hefur vilja til að móta þá veröld sem það lifir og starfar í. Samkvæmt þessari hugmyndum er *Reggio* hugmyndafræðin og samkvæmt henni þurfa ekki öll börn að gera eins og á sama tíma. Börnin geta verið að fást við mismunandi viðfangsefni. Skráningar eiga að hjálpa leikskólakennaranum og börnunum að ákveða næstu skref.¹³¹

Hver viðmælandi hefur sína reynslu í leikskólastarfinu og þeir telja sig meðvitaða um hlutverk þeirra í leik barna. Í leikskólanum *Engi* er áhersla lögð á góð samskipti þar sem leikskólakennararnir vinna í anda Dewey¹³² og Vygotsky¹³³ og þeir eru leiðandi í gegnum starfið og spyrja spurninga og gefa börnum tækifæri til að leysa úr ágreiningi.

Á *Þúfu* er því þannig háttað að leikskólakennararnir á yngstu deildunum taka þátt í leik barna. Á elstu deildunum segjast leikskólakennararnir stundum finna það að þeir séu ekki velkomnir. Þess vegna draga þeir sig út úr leik barnanna. Einnig sögðu leikskólakennararnir að þeir eru meðvitaðir um að þegar þeir fara inn í leik barna þá taki þeir við stjórninni í honum. Þeir vilja frekar styðja en trufla ekki og að leyfa börnunum að leysa úr ágreiningi sjálf. Í flestum leikskólum eru ákveðnar hugmyndir um leik, hreyfinguna, vitsmuna- og félagsþroskann. Mjög mikilvægt er að gera sér grein fyrir hvaða áhrif þetta hefur á börnin og af hverju. Þar skiptir leikskólakennarinn miklu máli, skilgreinir leik og hvernig hann tekur þátt í leik barna. Aðalhlutverk starfsfólks leikskóla er að búa börnum hollt uppeldisumhverfi og gefa þeim kost á að njóta uppeldiskosta barnahópsins og stuðla að því að sérhvert barn upplifi sjálft sig sem hluta af samfélaginu.¹³⁴ Samkvæmt Dewey þarf leikskólakennarinn að hafa þekkingu á þörfum barna svo þau geti notið sín í hópnum.¹³⁵ Með því að upplifa sig sem hluta af samfélagi finna börn að hlustað er á þau og þau hafi gildi fyrir hópinn. Við teljum þetta vera æfingu fyrir þau til að læra að vinna í anda lýðræðis.

Í viðtali við leikskólakennarana á *Engi* kom fram að til stendur að gera breytingar milli næstelstu deildarinnar og þeirrar elstu, þannig að börnin fá að fara milli deilda Þá myndast flæði milli þeirra. Markmiðið er að yngri börnin læri af þeim elstu. Þetta samræmist kenningu Vygotskys um svæði hins mögulega þroska. Hann leggur áherslu á félagslegt samspil við önnur börn og telur að í samskiptum við þroskaðri einstaklinga

¹³¹ Edwards, Carolyn o.fl. 1998:69-70,120-121

¹³² Dewey, John. 2000:321

¹³³ Lindon, Jennie. 2001:32-33

¹³⁴ Lög um leikskóla. 1994

¹³⁵ Dewey John. 2000:322-325

tileinki börn sér getu og þrói vitsmunalega hæfni sína.¹³⁶ Við aðhyllumst kenningu Vygotskys um að allir sem koma að uppeldi barna verði að átta sig á því að börn þroska með sér vitsmunapróska með því að vera í samvistun við aðra. Þau horfa, upplifa og fá svörun. Barn sem á erfitt með að leysa verkefni getur gert það með stuðningi þroskaðra barna eða kennara. Leikskólakennarinn á að skapa aðstæður til að efla samvinnu á milli barna og á milli barna og fullorðinna. Mikilvægt er að börn hafi áhrif á það sem þau gera, til dæmis í hópstarfi. Nýta þarf þekkingu þeirra og reynslu til að viðhalda áhuga og virkni, að afla börnum efniviðar til að þroska vitsmuni sína með hugsandi og krefjandi úrlausnarverkefnum. Þegar barnið hefur öðlast fullt vald á athöfn eða hugtaki er það orðið fullgildur þátttakandi. Þannig metur barnið færni sína, getu og árangur og leggur grunninn að sjálfsmati sínu. Það er mjög mikilvægt í mótun persónuleikans. Í hópvinnu læra börnin að taka tillit hvert til annars, vinna saman og læra margvíslega hæfni.¹³⁷ Að vinna með viðhorf og tilfinningar barnanna, hafa áhrif á lífsgildi þeirra. Styrkja hugmyndir um rétt og rangt, fallett og slæmt. Að vinna með viðhorf barnanna til þessara þátta eða hluta þannig að barnið búi sjálft yfir eigin áttavita.

Leikskólakennararnir, bæði á *Engi* og *Þúfu*, halda því fram að umhverfið skiptir miklu máli fyrir frjálsan leik barna. Rýmið virðist vera umhugsunarefni í flestum leikskólum, því leikskólakennararnir bæði á *Engi* og *Þúfu* sögðu að gott væri ef leikskólar væru stærri og með meira rými. Það er vissulega rétt, börn þurfa olnbogaráymi til leikja. Samkvæmt reglugerð um starfsemi leikskóla ber hverjum leikskóla að móta sínar aðferðir við að meta uppeldisstarf leikskólans. Þar er gert ráð fyrir vissum fermetrum sem eigi að vera úthlutað verju barni til leiks inni sem úti.¹³⁸ Að okkar mati er ekki gert ráð fyrir húsgögnum, svo sem borðum, stólum, skápum og fl. Í báðum leikskólum eru gerðar breytingar til að fá meiri rými til leiks. Í *Engi* voru borð og stólar tekin út af deildum. Leikskólakennararnir á *Þúfu* færðu einnig hillur til og frá til að útbúa leiksvæði fyrir börnin, sem var að vísu ekki varanlegt.

Í leikskólanum *Engi* er boðið upp á opinn efnivið þar sem hann býður ekki upp á eina fyrirfram ákveðna lausn. Á *Þúfu* er bæði notaður opinn efniviður (á elstu deildirnar) og leikföng (á yngri deildir). Í bókinni *Play and Child development* er vitnað í niðurstöður úr taugarannsóknunum. Þar segir að það skipti máli að byrja strax í frumbersku að örva börn. Uppalendur eiga að gefa sér tíma til leikja við börnin og vera

¹³⁶ Vygotsky, Lev. 1934 (a)

¹³⁷ Vygotsky, Lev. 1934 (a)

¹³⁸ Reglugerð um starfsemi leikskóla. 1995

jákvæðir, leikgláðir, hlýir og umhyggjusamir leikfélagar. Jafnframt kemur fram að ekki á að áreita börn með of mörgum leikföngum, innihaldslausu tali, miklum hávaða eða of mörgum skipulögðum tómsundum. Sjá þarf til þess að börnin hafi nægan tíma, áhugaverða og örugga staði og nægilegan efnivið til að skapa úr.¹³⁹ Leikföng eigi að vera börnum tæki eða verkefni og leikföngin verða að þola meðhöndlun barna. Leikföng þurfa ekki að vera dýr heldur eiga þau að geta gegnt mismunandi hlutverki eftir því sem hugarflug barna og umhverfi krefjast af því.

6.1 Vangaveltur

Börn alast upp í mismunandi umhverfi: í atvinnulegu, félagslegu og menningarlegu tilliti. Af þeim skilyrðum mótast leikskólinn og notar hann þau tækifæri sem gefast hverju sinni á hverjum stað.¹⁴⁰ Að baki val leikskólanna á aðferðum og framkomu liggja alltaf einhverjar hugmyndir, gildi og afstaða starfsfólkið. Útileiksvæði, byggingin (fermetrarnir), rými, skipulag húss, búnaður, mönnun og svo framvegis eru mismunandi milli leikskóla sem og sveitarfélaga. Þau gildi sem hvert sveitarfélag og samfélag hefur speglast í viðhorfi þeirra til barna og þar með leikskóla. Vygotsky hélt því fram að menningarsagan gegni mikilvægu hlutverki í þroska barna. Í leik tileinkar barnið sér mannlegan og félagslegan veruleika, lærir siðareglur samfélagsins og siðgæði. Leikurinn hefur ætíð endurspeglad þann tíðaranda sem börn alast upp í.¹⁴¹ Grethe Steen Rønning vitnar í hugmyndir Dewey's um menningu og frelsi. Dewey taldi að menning hvers samtíma hafi áhrif á hegðun og viðhorf einstaklinga, hópa sem stofnana. Starfið í leikskólanum er snýst alltaf um val. Við veljum sumt og veljum að hafna öðru. En bak við allt val eru hugmyndir og sýn.¹⁴² Taka verður tillit til þess því bernskan er sérstakt þroskaskeið sem ber að virða og styðja með hvaða hætti sem er.

Í *Aðalnámskrá leikskóla* segir hvernig starf leikskólans skuli fara fram og hver eru helstu áhersluatriði starfsins.. Útfærsla þessara atriða fer eftir aðstöðu, möguleikum, starfsmannastefnu og menningu hvers leikskóla. Þetta skal gera „í nánnum tengslum við áhuga barna og reynslu þeirra“.¹⁴³ Foucault setti fram kenningu um sannindi. Hann heldur því fram að sannindi sem hafa opinberar viðurkenningar fléttist saman í stjórn. Stjórnin ákveður svo og ræður hvernig skal hugsa, framkvæma og skipuleggja leikskólastarf.¹⁴⁴

¹³⁹ Frost, L. Joe. o.fl. 2005:62-68

¹⁴⁰ Aðalnámskrá leikskóla. 1999:27

¹⁴¹ Vygotsky, Lev. 1933

¹⁴² Rønning, Grethe Steen. 2000:67

¹⁴³ Aðalnámskrá leikskóla. 1999:34

¹⁴⁴ Mac Naughton, Glenda. 2005:32-33

Það getur haft áhrif á stjórnun leikskólanna og aðferðir leikskólakennaranna í starfi þeirra. *Lög um leikskóla*¹⁴⁵, og *Aðalnámskrá leikskóla*¹⁴⁶. eru þau sannindi sem mynda stjórn leikskólanna. Þar er fram sett yfirlýsing um það sem er raunverulegt og rétt út frá hugmyndum stjórnarinnar. Miðað við menningu og þekkingu starfsfólks er hugmyndafræðin aðlöguð í því skyni að ýta undir þróunina til frelsis og jafnréttis fyrir alla. Námskrá og ársáætlun er metin þannig að hver leikskóli fyrir sig á að finna hin „réttu“ sannindi um góða uppeldisfræði. Þá er átt við að þar sé verið að hafa áhrif á hugsanir leikskólakennara. Þetta má sjá upp að vissu marki í leikskólanum Þúfu þar sem skipulagið og klukkan ræður og gerir ekkert annað en að endurspegla ríkjandi viðhorf hjá ráðamönnum. Þó er ekki átt við það að við eigum öll að hugsa eins þó markmiðið sé það sama. Foucault bendir á að ef við viljum verða góðir leikskólakennarar eigum við að vinna í anda þroskastefnunnar, en hverjum og einum er frjálst að íhuga sinn sannindavilja og fara ólíkar leiðir að markmiðinu hvert svo sem markmiðið er.¹⁴⁷ Rétt er að leggja áherslu á að viðhorfin til frjáls leiks barna eru breytileg frá skóla til skóla. Sýn okkar á börnin er ekki sú saman því lífsviðhorf okkar eru ólík vegna bakgrunns okkar, fyrri reynslu og áhugahvatar hvers og eins.

Það er sama eftir hvaða stefnu, hugmyndafræði eða vinnubrögðum leikskólar vinna ávallt fylgja þeir áherslum *Aðalnámskrá leikskóla*. Ef horft er á þá sýn sem birtist í *Aðalnámskránni* má segja að þar komi fram heildræn sýn á barnið, æskuna og samfélagið. Þar kemur fram að leikskólanum er fyrst og fremst ætlað að búa barnið undir lífið ekki fyrir grunnskólann. Vissulega á að leita eftir samvinnu milli skólastiga því grunnskólinn er hluti af því lífi sem býður barnanna.¹⁴⁸ Þar af leiðandi hlýtur leikskólinn líka að búa barnið undur veru og nám þar. Okkar mat er að æskan er sérstakt þroskaskeið sem okkur sem leikskólakennarar ber að virða, styðja og leggja áherslu á.

¹⁴⁵ Lög um leikskóla. 1994

¹⁴⁶ Aðalnámskrá leikskóla. 1999

¹⁴⁷ Mac Naughton, Glenda. 2005:40

¹⁴⁸ Aðalnámskrá leikskóla. 1999

Lokaorð

Eftir vinnu við verkefnið erum við á þeirri skoðun að leikur barna eflir alhliðþroska þeirra. Í gegnum hann geta börn lært stærðfræðihugtök, fagurþroska, virðingu, traust, sjálfstæði, aga, lýðræði og örvað fín- og grófhreyfingar. Vitsmuna- og félagsþroski eflist hjá börnum í nánu samspili við önnur börn og með stuðningi frá leikskólakennaranum. Leikur undirbýr börn fyrir lífið, hvort heldur líðandi stundu eða þær sem á eftir koma. Við erum þeirrar skoðunar að frjáls leikur sé eitt það mikilvægasta, sem barn upplifir í æsku. Kenningar hjálpa okkur að skilja leikinn og reynsluheim barna og hvaða hlutverk leikskólakennarinn hefur á leik þeirra. Kenningar auka skilning okkar á mikilvægi leiks og því hvað börn eru að „segja“ með leiknum.

Eftir úrvinnslu viðtalanna úr leikskólunum tveimur sjáum við hvernig viðhorf leikskólakennara hefur áhrif á það hvort tekið er tillit til leiks innan veggja leikskólans. Okkur varð ljóst hversu mikill áhrifavaldur leikskólakennarinn er í leik barna og hvernig hann getur verið þátttakandi í honum eða hlutlaus áhorfandi. Mikilvægt er að undirstrika viðhorf leikskólakennarans, sem byggja á virðingu fyrir leikheimi barna. Leikskólakennarar sem skynja tungumál leiksins getur með samspili og leikuppeldislegum viðhorfum örvað, virkjað og komið kveikjum af stað í leik og námi barna.

Sýn okkar á leik er að börn gera sér grein fyrir því að leikur er ímyndaður heimur þar sem hvorki börnum né fullorðnum getur mistekist því þetta er leikur!

Heimildaskrá

- Aðalnámskrá leikskóla*. 1999. [Reykjavík], Manntamálaráðuneytið.
- Armstrong, Thomas. 2001. Fjölgreindir í skólastofunni 2. útg. Erla Kristjánsdóttir þýddi. Reykjavík, JPV ÚTGÁFA.
- Bateson, Gregori. 1985. *A Theory of play and Fantasy. Semiotics: An Introductory Anthology*. Bloomington, IN; Indiana University Press.
- Bee, Helen og Denise Boyd. 2004. *The Developing Child 10*. útg. Boston, New York, San Francisco, Mexico City, Montreal, Toronto, London, Madrid, Munich, Paris, Hong Kong, Singapore, Tokyo, Cape Town, Sydney, Pearson Education.
- Björn Bergsson. 2002. *Hvernig veit ég að ég veit*. Reykjavík, Iðunn.
- Bove, Chiara. 2001. Inserimento: A Strategy for Delicately Beginning Relationship and Communications. *Bambini. The Italian Approach to Infant/Toddler Care*. New York, Teachers College Press.
- Dewey, John. 2000. *Hugsun og menntun*. Reykjavík, Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Edwards, Carolyn, Lella Gardini og George Forman. 1998. Partner, Nurturer, and Guide: The role of teacher. *The hundred languages of children. The Reggio Emilia Approach – Advanced Reflection*. Second edition. Westport, Connecticut, London, Ablex Publishing.
- Essa, Eva. [Án ártals]. *Introduction to Early Childhood Education* 4th edition. [...], Thomson Delmar Learning.
- Frost, Joe L., Sue C. Wortham, Stuart Reifel. 2005. *Play and Child Development*. Saddle River, New Jersey Columbus, Ohio, Pearson Merrill Hall.
- Ginsburg, Kenneth R. 2007. The Importance of Play in Promoting Healthy Child Development and Maintaining Strong Parent-Child Bonds. *Pediatrics* 119,1-182-186.
- Goldtein, Lisa S. 2002. *Reclaiming caring in teaching and teacher education*. New York, Washington. D.C/Baltimore, Bern, Frankfurt am Main, Berlin, Brussels, Vienna, Oxford, Peter Lang Publishing, Inc.
- Gordon, Ann Miles 2003. *Beginnings & Beyond: Foundations in Early Childhood Education. Foundations in Early Childhood Educations 6th Edition*. [...], Thomson Delmar Learning.

- Guðrún Alda Harðardóttir. 2001. *Í leikskóla lífsins*. Akureyri, Textasmiðjan.
- Gunnar Ragnarsson. 2000. *Hugsun og menntun*. Reykjavík, Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands
- Hertzog, Margret E., Ellen A. Farber. 1996. *Annual Progress in Child Psychiatry and Child Development 1996*. [New York], Psychology Press.
- Hoorn, Judith Van, Patricia Nourot, Barbara Scales, Keith Alward. 1993. *Perspectives on the Developing of Play. Play at the Center of the Curriculum*. New York, Toronto, Oxford, Singapore, Sydney, Macmillan publishing Company.
- Hutchins, Teresa and Margret Sims. 1999. Undertaking an environmental analysis. *Program Planning for Infants and Toddlers*. Sydney, New York, Toronto, Mexico, New Delhi, London, Tokyo, Singapore, Rio de Janeiro, Prentice Hall.
- Johansen, Wenche May og Anne Brynhildsen. 1998. Leikur og nám í leikskóla. *Athöfn*, 30, (1):30-36.
- Lindon, Jennie. 2001. Theoris About Children's play. *Understanding Children's Play*. [...], Nelson Thornes.
- Lög um leikskóla nr.78/1994*.
- Matthías Jónasson. 1947. Leikir og störf. *Athöfn og uppeldi*. Reykjavík, Hlaðbúð.
- Mac Naughton, Glenda. 2005. *Doing Foucault in Early Childhood. Applying poststructural ideas*. London, Roudledge.
- McInerney, Dennis M. 2006. Personal and social development in childhood. *Developmental Psychology for Teachers: In Applied Approach*. [...] Allen & Unwin.
- Montessori, Maria. 1912. *The Montessori Method*. Anne Everett George (þýddi á ensku). New York, Frederick A. Stokes Company.
- Myhre, Reydar. 2001. *Stefnur og straumar í uppeldissögu*. Bjarni Bjarnason þýddi. [Reykjavík], Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Nanna Kristín Christiansen. 2006. Allir í sama liði. *Skólavarðan* 6,6:25-26.
- Ólafur Jens Pétursson. 1989. *Hugmyndasaga*. Reykjavík, Mál og menning.
- Rønning, Grethe Steen. 2000. *Rammeplan, for barnehagen, hva så?* Kristiansand, Høyskole Forlaget AS.
- Scarlett, W. George, Dorothy Saloni-Pastrenak, Iris Ponte og Sophie Naudeau. 2005. *Children's Play*. Tufts University. London, New Delhi, Sage Publications.

- Sigurlína Davíðsdóttir. 2003. Eigindlegar eða meginlegar rannsóknaraðferðir? *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum*. Ritstj. Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson. Akureyri, Háskólinn á Akureyri.
- Sigurlína Davíðsdóttir. 2008. *Mat á skólastarfi*. Handbók um matsfræði. Reykjavík, Hólar.
- Sóley S. Bender. 2003. Rýnihópar. *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum*. Ritstj. Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson. Akureyri, Háskólinn á Akureyri.
- Talay-Ongan, Ayshe og Emily A. Ap. 2005. *Child Development and Teaching Young Children*. Australia, Canada, Mexico, Singapore, Spain, United Kindom, United States of America, Thomson Social Science Press.
- Tudge, Jonathan. 1992. Vygotsky, the zone of proximal development, and peer collaboration: Implications for classroom practice. *Vygotsky and Education: Instructional Implications and Applications of Sociohistorikal Psychology*. [...] Cambridge University Press.
- Valborg Sigurðardóttir. 1991. *Leikur og leikuppeldi*. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.
- Wallin, Karin. 2003. *Pedagogiska Kullebyttor*. Stockholm, HLS Förlag.
- Welén, Therese. 2003. Myndigheten för skolutveckling. *Kunskap kräver lek*. Forskning I fokus, nr.17, Stockholm, Liber Distribution.

Heimildir af veraldarvefnum

Piaget, Jean. 1955. *The Construction of Reality in the Child*. (Translated by Margaret Cook, Routledge and Kegan Paul). Sótt á Netið 02.04.2008 á slóðina <http://www.marxists.org/reference/subject/philosophy/works/fr/piaget2.htm>

Reglugerð um starfsemi leikskóla nr225/1995, [Reykjavík], Menntamálaráðuneytið.
<http://brunnur.stjr.is/mrn/logogregl.nsf/nrar/reglugerdir2251995>

Vygotsky, Lev. 1933. *Play and its role in the Mental Development of the Child*. Catherine Mulholland (þýddi á ensku) Online Version: Psychology and Marxism Internet Archive (marxists.org) 2002. Sótt á netið 25.02.2008 á slóðina <http://www.marxists.org/archive/vygotsky/works/1933/play.htm>

Vygotsky, Lev. 1934.(a) Structure and Dynamics of Age. *The Problem of Age*. Transcribed by Andy Blunden, 2008. Sótt á Netið 05.03.2008 á slóðina <http://www.marxists.org/archive/vygotsky/works/1934/problem-age.htm>

Vygotsky, Lev. 1934. (b) Thought and Word. *Thinking and Speaking*. Eugenia Hanfmann and Gertrude Vakar (þýddu á ensku). Sótt á Netið 20.03.2008 á slóðina <http://www.marxists.org/archive/vygotsky/works/words/index.htm>

Listi yfir fylgiskjöl

Fylgiskjal 1 Spurningalisti

Spurningalisti

Hvert er viðhorf ykkar til frjáls leiks barna?

Hvernig teljið þið að frjáls leikur barna hafi áhrif á þroska þeirra?

Að hvaða leyti hefur frjáls leikur barna breyst í gegnum árin?

Hvernig hefur tímalengdin áhrif á leik barna?

Hvert er hlutverk leikskólakennarans í frjálsum leik barna?

Hvernig getur leikskólakennari viðhaldið eða komið inn í leik barna?

Hefur umhverfið áhrif á leik barna?

Hefur efniviðurinn áhrif á leik barna?

Ef þið ættuð val um að byggja upp óskaleikskólann ykkar, hvaða áherslur mynduð þið leggja varðandi leik barna?